



Íslenskir feður og aukin þátttaka þeirra í uppeldi barna

Hafdís Erla Jóhannsdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Íslenskir feður og aukin þátttaka þeirra í uppeldi barna

Hafdís Erla Jóhannsdóttir
261188-3689

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Dr. Guðný Björk Eydal

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Hafdís Erla Jóhannsdóttir 2011

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um fyrirbyggjandi þekkingu á hlutdeild íslenskra feðra í uppeldi barna sinna og hvaða stefna stjórnvalda hefur ýtt undir hana. Leitast er við að svara rannsóknarspurningunni: Hvað er vitað um hlutdeild íslenskra feðra í uppeldi barna sinna? Í íslenskri orðabók er hlutdeild skilgreind sem þátttaka eða aðild. Aðallega er litið til hlutdeildar feðra í fjölskyldum þar sem báðir foreldrar búa með börnunum. Þó er staða feðra eftir skilnað eða sambúðarslit aðeins skoðuð. Hér áður fyrr var litið á feður sem fyrirvinnur á meðan mæður báru ábyrgð á búi og börnum. Hlutdeild feðra í uppeldi barna hefur verið að breytast og þátttaka þeirra í uppeldi barna er nú orðin meiri. Ritgerðin er heimildaritgerð og er að miklu leyti stuðst við íslenskar heimildir sem fjalla um efnið. Jafnframt er gerð grein fyrir nokkrum íslenskum rannsóknum sem gerðar hafa verið í tengslum við þetta efni. Niðurstaðan er sú að íslenskir feður eru orðnir virkari þátttakendur í uppeldi barna sinna og virðist stefna stjórnvalda svo sem sjálfstæður réttur þeirra til þriggja mánaða fæðingarorlofs hafa haft jákvæð áhrif á hlutdeild þeirra. Þó er þörf á fleiri rannsóknum á þessu sviði.

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Inngangur	3
1. Fjölskyldan og feður	5
1.1. Feður	7
1.2. Að verða faðir.....	8
1.3. Tengsl	9
2. Hlutdeild feðra í uppeldi barna	11
2.1. Umönnun barna og atvinnuþátttaka foreldra barna yngri en þriggja ára	12
2.2. Dagleg umönnun barna.....	14
3. Velferðarkerfið og fjölskyldustefna.....	17
3.1. Fjölskyldustefna	18
4. Löggjöf og feður	21
4. 1. Fæðingar- og foreldraorlofslögin	21
4.1.1. Feður og fæðingarorlofsrétturinn	25
4.1.2. Nýting	26
4.1.3. Áhrif.....	29
4.1.4. Mögulegar ástæður fyrir því að feður nýta ekki rétt sinn.....	29
4.2. Lagaleg staða feðra eftir skilnað	31
4.2.1. Sameiginleg forsjá	33
Lokaorð og umræða	37
Heimildaskrá.....	40

Inngangur

Við fæðingu barns verða miklar breytingar í lífi foreldranna en sömuleiðis hefur það í för með sér mikilvæga lífsreynslu (Sigrún Júlíusdóttir, 2007). Að mati flestra er foreldrahlutverkið eitt mikilvægasta hlutverkið. Hér áður fyrr voru feður fyrirvinnur fjölskyldunnar á meðan mæðurnar voru heima og sáu um börnin og heimilið. Af þeirri ástæðu sinntu feður umönnun og uppeldi barna sinna lítið, það var nánast einungis í höndum móðurinnar (Ingólfur V. Gíslason, 2000, 2008a). Feður voru einfaldlega ekki álitnir nauðsynlegir þátttakendur í uppeldi barna sinna (Parke, 1981). Miklar breytingar hafa átt sér stað og feður eru farnir að verða virkari í umönnun barna (Ingólfur V. Gíslason, 2000, 2008a).

Tilgangur ritgerðarinnar er að gera grein fyrir fyrirbyggjandi þekkingu á hlutdeild íslenskra feðra í uppeldi barna sinna og skoða hvaða aðgerðum stjórnvöld hafa beitt til þess að ýta undir hlutdeildina. Leitast verður við að svara rannsóknarspurningunni: Hvað er vitað um hlutdeild íslenskra feðra í uppeldi barna sinna? Aðallega er litið til hlutdeildar feðra í fjölskyldum þar sem foreldrar búa báðir með börnunum en aðeins verður litið til lagalegrar stöðu feðra eftir skilnað eða sambúðarslit. Ástæðan fyrir því að ákveðið var að leitast við að svara þessari spurningu er sú að lítið er talað um hlutdeild feðra í uppeldi barna sinna. Við vitum að þeir eru farnir að auka hlutdeild sína en við vitum til að mynda ekki hvernig foreldrar skipta hlutverkum innan fjölskyldunnar. Við teljum að uppeldi sé mikilvægt en samt sem áður er það lítið rannsakað. Unnin var heimildaritgerð til þess að svara rannsóknarspurningunni. Leitað var markvisst að heimildum um íslenska feður og gerð grein fyrir helstu niðurstöðum íslenskra rannsókna á þessu sviði. Auk þess er notast við bækur og greinar, bæði íslenskar og erlendar. Talnagögn Hagstofu Íslands eru notuð til þess að sýna tölulegar staðreyndir en einnig er stuðst við lög sem tengjast þessu efni.

Hér á eftir verður fjallað um nokkra þætti sem útskýra hlutdeild feðra í uppeldi barna sinna. Þegar talað er um hlutdeild feðra í uppeldi barna sinna er átt við þátttöku þeirra í uppeldinu. Hlutdeild er þátttaka, það að taka þátt í einhverju eða aðild samkvæmt íslenskri orðabók (Mörður Árnason, 2007). Fyrsti kafli ritgerðarinnar fjallar um fjölskylduna og feður. Þar er gerð grein fyrir hinni íslensku

fjölskyldu og stöðu feðra innan fjölskyldunnar. Hlutverk feðra er skoðað, allt frá upphafi meðgöngu og þar til þeir ganga í föðurhlutverkið. Annar kafli snýr svo að hlutdeild feðra og er þar leitast við að skýra hlutverk og þátttöku þeirra í uppeldi barna. Í kaflanum er gerð grein fyrir tveimur íslenskum rannsóknum, í því skyni að útskýra hlutdeild íslenskra feðra. Í þriðja kaflanum er velferðarkerfið til umfjöllunar með áherslu á fjölskyldustefnu. Þar er leitast við að skoða hvernig stjórnvöld hafa stutt við fjölskyldur. Fjórði kafli fjallar um löggjöf og feður. Fæðingar- og foreldraorlofslögin eru skoðuð og fjallað um nýtingu þeirra og hvaða áhrif þau hafa á hlutdeild feðra. Sömuleiðis er fjallað um mögulegar ástæður fyrir því að feður taka ekki fæðingarorlof. Í kaflanum er einnig farið yfir lagalega stöðu feðra eftir skilnað, þar sem skoðað er hvaða áhrif skilnaður hefur á föðurhlutverkið. Sömuleiðis er fjallað um sameiginleg forsjá og áhrif innleiðingar hennar á hlutdeild feðra.

1. Fjölskyldan og feður

Fjölskyldan er síbreytilegt fyrirbæri sem er alltaf í þróun. Hlutverk hennar er meðal annars að flytja reynslu og venjur milli kynslóða (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Hugtakið fjölskylda á sér margar mismunandi skilgreiningar (Guðný Björk Eydal, 2005). Í þingsályktunartillögu frá 1997 er hugtakið fjölskylda skilgreint sem:


„... hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila saman tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þau eru skuldbundin hvert öðru í siðferðilegri, gagnkvæmri hollustu.“

(Velferðarráðuneytið, 2001).

Fyrir aldamótin 1900 var algengt að stórfjölskyldan byggi saman, foreldrar, börn, afar og ömmur. En eftir aldamótin 1900 var kjarnafjölskyldan farin að verða algengara fjölskylduform en hún samanstóð yfirleitt af foreldrum og börnum þeirra (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1993). Fjölskyldan gegndi stóru hlutverki á Íslandi á 19. öldinni og fjölskyldur voru vettvangur framleiðslu (Guðný Björk Eydal, 2005). Flestar þarfir einstaklinganna voru uppfylltar innan fjölskyldunnar, svo sem umönnun og uppeldi barna (Sigrún Júlíusdóttir 2001). Félagsmótun fór nánast alfarið fram á heimilum en nú eru áhrif foreldra í uppeldi takmarkaðri, þar sem margir félagsmótunarþættir fara mikið fram í öðru umhverfi. Ýmsar stofnanir, svo sem leikskólar og skólar, eru nú farnar að sinna uppeldishlutverkinu samhliða foreldrum (Newman og Grauerholz, 2002).


Miklar breytingar hafa orðið á fjölskyldunni í gegnum aldirnar og hlutverk hennar er öðruvísi í dag (Newman og Grauerholz, 2002). Nútímafjölskyldan, sem var neyslueining, og samtímafjölskyldan, sem gjarnan er talað um sem tilfinningaeiningu, eru ríkjandi fjölskylduímmyndir nú í dag. Fjölskyldutengsl eru sterk hér á landi. Börnin fara seint að heiman og byrja að búa seint (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Newman og Grauerholz (2002) benda á það að fólk er farið að vera í óvígðri sambúð í auknum mæli, en á síðustu áratugum 20. aldarinnar varð mikil fjölgun á einstaklingum sem búa í óvígðri sambúð. Barneignir utan hjónbands jukust einnig á

sama tíma (Newman og Grauerholz, 2002). Algengt er að fólk hefji sambúð áður en það giftir sig (Guðný Björk Eydal, 2005).



Mynd 1.1 Hjónavígslur á Íslandi 1971-2009

Eins og sjá má á mynd 1.1., fór giftingum að fækka í kringum 1980 en þeim byrjaði þó að fjölga aftur árið 1997. Árið 1971 voru hjónavígslur 1624 en þær voru komnar niður í 1480 árið 2009 (Hagstofa Íslands, 2009-a).



Mynd 1.2. Lögskilnaðir á Íslandi 1951-2008

Á meðan giftingum hefur fækkað hefur verið fjölgun á skilnuðum hér á landi, eins og sjá má á mynd 1.2. Árið 1951 voru 96 skilnaðir hér á landi en 550 árið 2009 (Hagstofa Íslands, 2009-b).

Hjá íslenskum fjölskyldum er mikil atvinnuþátttaka á meðal beggja kynja og langur vinnudagur (Stefán Ólafsson, 1994; Guðný Björk Eydal, 2004b). Kynhlutverkin hafa breyst töluvert, þar sem konur eru farnar út á vinnumarkaðinn í auknum mæli (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Atvinnuþátttaka karla er þó enn meiri en atvinnuþátttaka kvenna og sömuleiðis vinna þeir lengri vinnudag. Árið 2010 var hlutfall atvinnuþátttöku karla 84,4 en 77,6 á meðal kvenna og heildarvinnutími karla var 44,6 á meðan heildarvinnutími kvenna var 34,8 (Hagstofa Íslands, 2011-a).

Meiri kröfur eru gerðar til fjölskyldunnar nú en áður. Sem dæmi má nefna miklar væntingar um menntun og sífellt meiri samkeppni í atvinnulífinu. Starfsframi skiptir miklu máli í dag (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Sigrún Júlíusdóttir (2001) bendir á að rannsóknir á kynhlutverkum beinist nú meira að karlmanns- og föðurhlutverkinu, stöðu feðra og hlutverki þeirra. Feður eru farnir að berjast fyrir aukinni þátttöku í umönnun og uppeldi.

1.1. Feður

Hlutverk feðra hefur verið að breytast með árunum (Ingólfur V. Gíslason, 2007). Lengi einkenndi mikil vinna ímynd feðra. Þeir komu lítið að umönnun og uppeldi barna sinna (Ingólfur V. Gíslason, 2000; 2008b). Nú eru feður farnir að vera virkari í umönnun barna sinna (Ingólfur V. Gíslason, 2000; 2008b). Staða og hlutverk kynjanna er nú ekki jafn bundið og var (Ingólfur V. Gíslason, 2008a). Viðhorf samfélagsins gera ráð fyrir þátttöku feðra allt frá upphafi meðgöngu og aukin áhersla er lögð á þátttöku feðra í fæðingunni sjálfri. Aukin þátttaka feðra er einnig orðin sýnilegri inni á heimilinu, í umönnun og á uppeldi barna (Ingólfur V. Gíslason, 1997).

Genesoni og Tallandini (2009) rannsökuðu föðurhlutverk. Rannsóknin fjallar um þá breytingu sem á sér stað við það að færast í föðurhlutverkið. Aðferðin fólst í því að rannsaka gagnagrunna frá tímabilinu 1989-2008 um efnið.

Rannsakendur tóku fyrir feður í vestrænum löndum sem voru í sambandi við barnsmæður sínar. Upplýsingum var safnað úr 32 efnisgreinum sem fjölluðu um efnið. Innihaldsgreining leiddi í ljós hæggar breytingar á hlutverki feðra frá gamla feðraveldishlutverkinu í þá átt að vera blíðlegri og hlýrri einstaklingar. Feður virðast nú túlka hlutverk sitt á þann hátt að hlutverk þeirra sé bæði að vera fyrirvinnur og veita fjölskyldum sínum tilfinningalegan stuðning. Rannsakendur komust að því að menn eiga það til að upplifa mikla erfiðleika með það að samræma persónulegar þarfir, atvinnu og væntingar nýju fjölskyldunnar. Feður virðast halda vinnu og félagslífi óbreyttu fyrsta árið en mæður sinna mest af daglegum þörfum barnsins áfram og sinna vinnu og félagslífi minna. Viðhorf feðranna til foreldrahlutverksins og skoðun móðurinnar á hlutverki föður virðast vera þeir þættir sem stuðla að breytingum að nýja föðurhlutverkinu (Genesoni og Tallandini, 2009).

1.2. Að verða faðir

Ein breyting á hlutdeild feðra er aukin þátttaka þeirra í meðgöngunni og fæðingunni. Margir feður eru farnir að líta á sig sem þátttakanda frá upphafi og hafa sýnt áhuga á því að taka virkan þátt í meðgöngunni, til dæmis með því að vera viðstaddir læknisathuganir (Chandler, 1997). Þó svo að mæður gangi í gegnum þær líkamlegu og andlegu breytingar sem fylgja meðgöngu hefur hún vissulega áhrif á feður líka, líkamlega jafnt sem andlega. Ingólfur V. Gíslason (2002) bendir á að þau einkenni sem eru algeng hjá verðandi feðrum séu þyngdaraukning, ógleði og aukin matarlyst. Einnig geta geðsveiflur gert vart við sig. Hann bendir þó á að ekki sé vitað hvort þessar breytingar stafi af breyttum lífsvenjum eða sálrænum þáttum. Það sem einkennir meðgönguna er undirbúningur fyrir þær miklu breytingar sem fylgja því að eignast barn, fyrir föðurinn jafnt sem móðurina (Ingólfur V. Gíslason, 2002). Algengt er orðið að feður séu viðstaddir fæðingu (Chandler, 1997), en það sem talið er að hafi orðið til þess, er að mæðurnar virðast hafa óskað eftir viðveru þeirra í ferlinu (Ingólfur V. Gíslason, 2002). Fræðimenn hafa bent á það að verðandi feður hafi mikilvægu hlutverki að gegna í því að styðja móðurina í þessu ferli (WHO, 2007).

Miklar breytingar fylgja því að verða faðir og fá nýjan einstakling inn í líf sitt. Finnbogadóttir, Crang Svalenius og Persson (2003) gerðu rannsókn sem hafði það markmið að lýsa reynslu sænskra feðra af meðgöngu í hópi þeirra sem voru að eignast sitt fyrsta barn. Rannsóknin var eigindleg en tekin voru viðtöl við sjö feður þegar barnsmæður þeirra voru komnar á 38. til 39. Viku í meðgöngu. Viðtölin sýndu nokkur sameiginleg þemu en fyrsta þemað var „tími umbreytinga“, það var jafnframt aðalþemað. Allir feðurnir virtust upplifa líkamlegar, andlegar og félagslegar breytingar á meðgöngunni. Einnig upplifðu þeir nýtt hlutverk frá því að vera maður í að verða faðir. Feðurnir upplifðu sömuleiðis „óraunveruleika“ einhvern tímann á meðgöngunni, en það er annað þemað. Þriðja þemað var „vanhæfni“, en allir feðurnir upplifðu vanhæfni á meðgöngunni. Þeim fannst erfitt að geta ekki haft stjórn á aðstæðum og fundu fyrir kvíða fyrir framtíðinni. Önnur þemu komu upp, eins og „tilfinning um útilokun“ og „tilfinning um veruleika“. Þeim fannst öllum mikilvægt að taka þátt í meðgöngunni. Niðurstöðurnar gefa til kynna að feður þurfi stuðning á meðgöngunni jafnt sem mæður, þeir upplifi sig utanveltu en ekki sem þátttakendur.

Sumum feðrum reynist erfitt að aðlagast þessu nýja hlutverki. Í eigindlegri rannsókn þeirra Barclay og Lupton (1999) var rætt við ástralska feður. Þar var 15 foreldrum fylgt eftir fyrstu þrjú árin eftir fæðingu barns. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að upplifun feðranna af foreldrahlutverkinu varð öðruvísi en þeir héldu að hún yrði. Hlutverkið reyndist þeim erfiðara en þeir höfðu ímyndað sér. Þeim fannst jafnframt erfitt að samræma fjölskyldulífið við atvinnu og fannst þeir ekki fá nægan tíma með barninu.

1.3. Tengsl

„Grundvallarþörf barns er að finna nálægð og umhyggju í augnaráði foreldris sem hefur tíma til að horfa á það; foreldris sem er sjálfu sér samkvæmt og færir barninu sjálfstraust og öryggi með því að gefa því skýr boð um viðeigandi viðbrögð og hegðun. Nánu tengslin og innri siðaboðin sem kvikna í krafti þeirra eru barninu staðfesting á gildi eigin tilvistar með því að því er ætlað rými og tími, en tíminn sem er notaður til að horfa og hlusta, leiðrétt og staðfesta, styrkir þá innri rödd og samræðu sem öllu ræður síðar.“ (Sigrún Júlíusdóttir, 2002, bls. 3).

Þegar talað er um tengsl er átt við þau tengsl sem myndast á milli manna. Hér er fjallað um tengslin sem myndast á milli foreldris og barns. Tengslakenning John Bowlby fjallar um tengsl á milli foreldris og barns. Kenningin snýr að mikilvægi tengsla á milli umönnunaraðila og barns, því gæði þeirra hafi í framtíðinni áhrif á getu barns til þess að mynda góð tengsl. Að mati Bowlby þarf barn ást og hlýju til þess að geta þroskast sem best (Berk, 2009). Barn tengist þeim sem færa því umönnun, vernd og öryggi. Þau tengsl sem myndast fyrstu árin í lífi barns skipta miklu máli og hafa áhrif á tengsl þess við aðra þegar kemur að fullorðinsárum (Sæunn Kjartansdóttir, 2009).

Feður eru ekki síður hæfileikaríkir en mæður til þess að veita börnum þá umönnun sem þau þarfnast, þó svo að feður og mæður geri það með ólíkum hætti. Barn tengist móður sinni mikið í gegnum brjóstgjöf og því er ekki óalgengt að barn tengist móður fyrst. Kyn hefur ekki áhrif á gæði tengsla heldur tengist barn þeim sem sinnir því, hvort sem það er móðir eða faðir. Þar sem feður hafa ekki möguleika á því að tengjast börnum í gegnum brjóstgjöf, líkt og mæður, þá er mikilvægt að þeir haldi á barninu og njóti þess að vera með því og mynda þannig tengsl við það (Ingólfur V. Gíslason, 2002).

Eftir að feður fóru að taka meiri þátt í umönnun barna kom í ljós hegðun hjá þeim sem vakti athygli að sögn Ingólfs (2002), en það voru sérstök viðbrögð við því að eignast barn. Viðbrögðin eru lík viðbrögðum mæðra og ljóst er að tilfinningar feðra eru mjög líkar tilfinningum mæðra. Feður finna, líkt og mæður, þörf fyrir að skoða og snerta barnið meðal annars (Ingólfur V. Gíslason, 2002). „Allt það sem rannsakað hefur verið og sýnt fram á í samskiptum móður og barns, samsömum við þarfir barnsins, hluttekning og fórnarlund, þroskast ekki síður í samskiptum föður og barns undir slíkum kringumstæðum.“ (Ingólfur V. Gíslason, 2002, bls. 136). Flestir þeir feður sem eru virkir í umönnun barna frá byrjun þróa með sér sterka föðurást, líkt og mæður þróa móðurást, og föðurástin er ekki síðri en móðurástin. Því má segja að feður séu hvorki vanhæfari en mæður til þess að sjá um barnið sitt, né veiti minni ást og umhyggju. Feður hafa aðeins upp á annað að bjóða en mæður. Það er nauðsynlegt að feður viti hve mikilvægir þeir eru í lífi

barnsins síns, því það skiptir miklu máli upp á tengsl föðurins við barnið (Ingólfur V. Gíslason, 2002).

2. Hlutdeild feðra í uppeldi barna

Þátttaka feðra í uppeldi barna hefur aukist síðustu ár og sömuleiðis væntingar til þeirra (Rane og McBride, 2000). Þátttaka feðra hefur þróast í margvitt hugtak sem skoðar feður í fjölbreyttu og breytilegu ljósi. Þeir þættir sem ná til hugtaksins eru fjölskyldustuðningur, félags-, menningar-, efnahags-, og stofnanastuðningur (Pleck, 1997). Almenn sjónarhorn er að fjölskyldu- og menningarþættir hafi áhrif á það hvernig feður taka þátt í umönnun barna sinna (Genesoni og Tallandini, 2009).

Fræðimenn benda á það að feður taki þátt í lífi barna á marga vegu en ekki aðeins með því að leika við þau (Lamb og Lemonda, e.d.). Að sögn Lamb og Lewis (2010) gefa ýmsar eldri athuganir og kannanir það til kynna að þátttaka feðra og mæðra sé ólík að því leyti að feður virðast frekar leika við börnin á meðan mæður sjá frekar um uppeldið og umönnun barna. Þeir telja að hluti þessara niðurstaðna sé rangfærður. Þeir telja þrátt fyrir það að feður eyði meiri tíma í leik en mæður, þó svo að hann sé ekki endilega mikill. Lamb og Lemonda (e.d.) benda á það að fræðimenn séu alltaf að reyna að útskýra hvernig feður og mæður hafi ólík samskipti við börnin sín, í stað þess að skoða það sem er líkt. Bæði feður og mæður hafa meðal annars hvetjandi áhrif í leik við börn sín og bæði bregðast við þegar börn þeirra brosa eða gráta. Ef feður fá tækifæri til eru þeir ekki síður hæfir uppalendur en mæður. Kyn hefur ekki áhrif, heldur er þetta persónubundið (Sigurlína Davíðsdóttir, 2002).

Guðný Björk Eydal (2008a) bendir á að fjölskyldustaða feðra hafi áhrif á þátttöku þeirra. Minni þátttaka er hjá þeim feðrum þar sem börnin, frá fæðingu til þriggja ára, eru með skráð aðsetur hjá móður, miðað við þá feður þar sem börnin hafa skráð aðsetur hjá. Þeir feður sem taka fæðingarorlof virðast sömuleiðis taka meiri þátt í lífi barna sinna (Guðný Björk Eydal, 2007). Baldur Kristjánsson (2006) bendir á að niðurstöður úr samnorrænni rannsókn, BASUN, sem stendur fyrir „Barnæska og samfélagsumbreytingar á Norðurlöndum“, sýni að íslenskir feður taki minni þátt í uppeldi, þar sem þeir hafi minni tíma fyrir börnin sökum mikillar

vinnu. Fjölskyldulíf og vinna virðast vera tveir ólíkir þættir en svo er ekki. Ekki er alltaf jafnvægi milli þessara þátta. Feður virðast fara aftur í hlutverk 20. aldarinnar eftir fæðingu barns (Ingólfur V. Gíslason, 2007). Guðný Björk Eydal (2004b) bendir á að feður minnki vinnu ekki mikið eftir fæðingu barns, líkt og mæður gera. Enn fremur bendir hún á að það reynist feðrum erfiðara að samhæfa umönnun barna og atvinnu. Ingólfur V. Gíslason (2008a) segir að þrátt fyrir þetta bendi margar íslenskar kannanir til áhuga feðra á því að verja meiri tíma með fjölskyldu og minni tíma í vinnu og bendir Ingólfur jafnframt á rannsókn Stefáns Ólafssonar frá 1990 og nýlega rannsókn frá Kolbeini H. Stefánssyni frá 2008 í þessu samhengi.

Ingólfur (2002) fjallar um þroska barna í fjölskyldum með virka feður og fjölskyldur með feður sem aðstoðarmenn. Meiri vitsmunaleg geta virðist vera hjá börnum sem alast upp með virka feður en einnig meiri samúð með öðrum. Andlegt jafnvægi er betra hjá börnum í fjölskyldum með virka feður. Ýmsar ástæður liggja að baki og ein er sú að samskipti við eina manneskju gefur minna en samskipti við tvær. Þessar tvær manneskjur eru mismunandi og því fær barnið mismunandi þroska (Ingólfur V. Gíslason, 2002). Börn feðra sem eru mjög virkir virðast hafa meiri vitsmunahæfni og meiri samkennd (Lamb og Lemonda, e.d.). Einnig getur virk þátttaka feðra í frumbersku haft jákvæð áhrif á félagsþroska, tilfinningaþroska og málþroska barna (McBride, Dyer og Rane, 2008). Meiri líkur eru á því að barnið bindist ekki við ákveðin kynhlutverk þegar það elst upp með báðum foreldrum (Ingólfur V. Gíslason, 2002). Taka verður það með í reikninginn að virk þátttaka feðra hefur jákvæð áhrif á börn aðeins ef það er vilji beggja foreldra, en ekki þegar feður eru neyddir til þess að taka þátt (Lamb og Lemonda, e.d.). Væntingar og viðhorf mæðra til feðra geta haft áhrif á föðurhlutverkið (Rane og McBride, 2000). Þegar feður eru fjarlægir eru meiri líkur á félagslegum vanda hjá börnum og sömuleiðis getur sjálfsmynd þeirra verið óskýr (Lamb, 1981).

2.1. Umönnun barna og atvinnuþátttaka foreldra barna yngri en þriggja ára

Til þess að meta áhrif nýju laganna um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 var gerð rannsókn. Borið var saman hvernig foreldrar ungra barna höguðu umönnun

barna og atvinnuþátttöku áður en lögin tóku gildi og eftir að þau tóku gildi. Tvær spurningakannanir voru framkvæmdar. Fyrri könnunin sem gerð var árið 2001 náði til foreldra sem eignuðust sitt fyrsta barn árið 1997. Mæðurnar fengu spurningalistann sendan á lögheimili sitt en það var í höndum foreldranna að ákveða hver lyki könnuninni. Árið 2007 var sambærileg könnun send foreldrum sem eignuðust sitt fyrsta barn árið 2003 en fæðingar- og foreldraorlofslög nr. 95/2000 tóku fullt gildi árið 2003. Árið 2001 voru 1551 spurningalistar sendir út, en skilað var inn 890, svarhlutfall var því tæplega 57%. Árið 2007 voru 1572 listar sendir út, en 874 luku við listann. Svarhlutfall var svipað og í fyrri könnun, 56%. Árið 2007 bauðst foreldrum að taka könnun á netinu en 39% nýttu sér þann möguleika. Á spurningalistanum voru meðal annars spurningar um það hvernig foreldrar höfðu hagað umönnun barna sinna og atvinnuþátttöku. Spurt var um aðstæður beggja foreldra í vinnu, sveigjanleika og stuðning. Spurningarnar náðu frá ári fyrir fæðingu barns og þar til börnin voru þriggja ára (Guðný Björk Eydal, 2008b).

Fyrri könnunin sýndi að 83,7% feðra voru að jafnaði í vinnu ári fyrir fæðingu barns. Hlutfallið var örlítið hærra í seinni könnuninni eða 84%. Fyrsta mánuðinn eftir fæðingu barns voru tæp 64% feðra barna fædd 1997 í vinnu. Strax annan mánuðinn eftir fæðingu barns var hlutfall feðra í vinnu orðið svipað því sem var fyrir fæðingu barnsins. Fyrstu þrjú mánuðina eftir fæðingu barnsins voru um 77% feðranna í vinnu. Talsverðar breytingar komu í ljós í seinni könnuninni. Hlutfall feðra í vinnu var 31% í seinni könnun og lækkaði því frá 84% niður í 31% frá fyrri könnun. Þegar barn var orðið þriggja mánaða var hlutfallið búið að hækka í 68% og einu ári eftir fæðingu var það komið upp í 84% (Guðný Björk Eydal, 2008b).

Í ljós kom minna bil á milli feðra og mæðra í seinni könnuninni en í þeirri fyrri. Í könnuninni frá 2001 var vinnuhlutfall feðra komið í sama horf einum til tveimur mánuðum eftir fæðingu barns en í seinni varð það ekki fyrr en barn var 13-15 mánaða. Bæði í könnuninni frá 2001 og frá 2007 var fjöldi vinnustunda, bæði fyrir og eftir fæðingu, hærri hjá feðrum en mæðrum. Þegar kannanirnar eru hins vegar bornar saman kemur í ljós að fjöldi vinnustunda hefur aukist hjá mæðrum á meðan feður hafa dregið úr vinnu. Þegar barn var eins árs og þriggja ára minnkuðu vinnutímar feðra aðeins frá 2001 til 2007 (Guðný Björk Eydal, 2008b).

Þegar umönnun barna var skoðuð kom í ljós að í 89% tilvika var umönnun barna fædd 1997 í höndum móður og skiptist jafnt á milli foreldra í 10% tilvika. Á öðrum mánuði minnkaði hlutdeild feðra og fyrstu sex mánuðina var hlutdeild þeirra takmörkuð, þar sem dagleg umönnun var í 94% tilvika í höndum móður. Dagleg umönnun varð þó jafnari eftir því sem barnið varð eldra. Hverfandi hlutfall feðra voru aðalumönnunaraðilar, á milli 0,3% til 2,4%. Könnunin árið 2007 leiddi í ljós miklar breytingar á daglegri umönnun, sérstaklega hvað varðar umönnun feðra. Feður barna fædd árið 2003 sinntu umönnun í ríkari mæli en feður barna fædd 1997. Jafnari þátttaka feðra og mæðra varð eftir fullgildinu laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof (Guðný Björk Eydal, 2008b).

2.2. Dagleg umönnun barna

Rannsókn sem Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands gerði fyrir Leikskólasvið Reykjavíkurborgar fjallar um það hvernig reykvískir foreldrar haga umönnun barna sinna eftir að fæðingarorlofi lýkur. Þátttakendur, sem voru 878 foreldrar sem höfðu sótt um leikskóla eða þjónustutryggingu fyrir börn sín, svöruðu rafrænni spurningakönnunni. Í einum hluta rannsóknarinnar var spurt að því hvernig foreldrar höguðu reglulegri umönnun barna sinna þegar börnin voru á aldrinum sex mánaða til tveggja ára. Í ljós kom að foreldrar og ættingjar eru helstu umönnunaraðilar yngstu barnanna en það breytist eftir því sem börnin eldast en þá koma fleiri að umönnun. Einnig var athugað hvernig foreldrar haga daglegri umönnun barna sinna með því að spyrja foreldrana um verkaskiptingu við umönnum barnanna. Í ljós kom að hlutdeild mæðra í umönnun barna er meiri en hlutdeild feðra, þar sem mæður sinna daglegri umönnun barnanna í meiri mæli en feður (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010).

Tafla 1. Hvernig skiptu foreldrar með sér daglegri umönnun barna sinna

	Fjöldi svara	Faðir %	Skiptist jafnt á milli foreldra %	Móðir %	Svara ekki
Hver háttar barnið oftast á kvöldin?	450	9.8	49.8	40.4	74
Hver vaknar oftast til barnsins á nóttunni?	450	9.1	32.2	58.7	74
Hver fer með/ sækir barnið oftast í gæslu?	442	7.2	44.1	48.6	82
Hver leikur oftast við barnið?	448	6.3	62.7	31.0	76
Hver skiptir oftast á barninu?	443	4.1	50.6	45.4	81
Hver gefur barninu oftast að borða?	449	1.6	57.7	40.8	85

(Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010, bls. 37).

Eins og sjá má í töflunni að ofan, leika foreldrarnir jafn oft við barnið í 62,7% tilfella. Í rúmlega 50% tilvika skipta foreldrarnir jafnt á milli sín að skipta á barninu og í 57,7% tilvika gefa foreldrarnir barninu að borða jafn oft. Í hinum atriðunum er hlutfall foreldra sem skipta umönnun jafnt með sér, undir 50%. Taflan sýnir alla foreldra en í 18% tilvika er um einstæðar mæður að ræða. Tölurnar breytast þegar aðeins er um foreldra í sambúð eða hjónabandi að ræða, eins og sjá má í töflunni að neðan.

Tafla 2. Hvernig skiptu foreldrar í sambúð/ hjónabandi með sér daglegri umönnun barna sinna?

	Fjöldi Svara	Faðir %	Skiptist jafnt á milli foreldra %	Móðir %	Svara ekki
Hver háttar barnið oftast á kvöldin?	362	11.3	58.6	30.1	53
Hver vaknar oftast til barnsins á nóttunni?	362	10.5	37.8	51.7	53
Hver fer með/ sækir barnið oftast í gæslu?	355	8.2	51.8	40.0	60
Hver leikur oftast við barnið?	360	7.2	72.5	20.3	55
Hver skiptir oftast á barninu?	356	3.9	60.4	35.7	59
Hver gefur barninu oftast að borða?	362	1.4	68.0	30.7	53

(Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010, bls. 38).

Munurinn á hlutdeild feðra og mæðra minnkar þegar aðeins eru skoðuð svör foreldra í sambúð eða hjónabandi. Hlutdeild mæðra í umönnun barna er þó enn meiri en hlutdeild feðra (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010).

Svör feðra bentu á meiri hlutdeild þeirra en í svörum mæðra. Ef til vill er ástæðan sú að meiri þátttaka í umönnun barns sé hjá þeim feðrum sem svöruðu en þeim sem svöruðu ekki. Aðrir þættir sem höfðu marktæk áhrif á það hvernig foreldrar höguðu umönnun barnsins eru hjúskaparstaða, menntun, atvinnustaða og tekjur. Meira jafnræði kom í ljós á meðal þeirra sem voru í sambúð eða hjónabandi en hjá einstæðu foreldrunum. Menntun, tekjur og atvinnustaða höfðu sömuleiðis áhrif á jafna þátttöku (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010).

3. Velferðarkerfið og fjölskyldustefna

Fræðimenn telja almennt að þróun velferðarríkis megi rekja til kapítalískrar iðnvæðingar og lýðræðislegs stjórnskipulags. Hér á landi mátti greina áhrif kapítalískrar iðnvæðingar og lýðræðislegs stjórnskipulags seinna miðað við önnur lönd í Evrópu. Hér á landi hefur lýðræðislegt stjórnarfar einkennt velferðarkerfið en það er ein vísbending um gott velferðarkerfi (Stefán Ólafsson, 1999). Á 19. öld urðu miklar breytingar á velferðarkerfinu, þar sem skipulagðar almannatryggingar og opinber velferðarþjónusta komu til sögunnar og má rekja uppruna nútíma velferðarkerfa til þess. Almannatryggingar urðu umfangsmeiri í byrjun 20. aldar í mörgum iðnríkjum en heildstæð velferðarþjónusta hér á landi þróaðist í lok aldarinnar (Guðný Björk Eydal, 2004b).

Stefán Ólafsson (1999) segir þá stefnu sem nú ríki á Íslandi hafa komið seinna upp hér á landi en hjá hinum nágrannaþjóðunum. Ísland er sérstakt að því leyttinu til að hafa ekki fylgt alfarið hinum Norðurlöndunum í mótun velferðarríkisins, þó svo að Ísland hafi haft sterk stjórnmálaleg tengsl við þau lönd, sérstaklega Dani. „Íslendingar grundvölluðu hið nútímalega almannatryggingakerfi sitt á kerfi Nýja- Sjálands frá 1938 og Beveridge áætluninni frá 1942, með löggjöfinni um almannatryggingar frá 1947“ (Stefán Ólafsson, 1999, bls. 242). Markmið almannatryggingakerfisins var að byggja upp eins fullmótað kerfi og til væri í heiminum.

Íslenska kerfið líkist skandinavísku kerfunum en útgjöld til velferðarmála eru hins vegar mun hærri í skandinavísku kerfunum en í því íslenska. Hér á landi er velferðarþjónustan útfærð á svipaðan hátt og á hinum Norðurlöndunum og er því íslenska leiðin svipuð hinum Norðurlöndunum að því leyttinu til (Stefán Ólafsson, 1999). Minni hluti þjóðartekna hefur runnið til velferðarútgjalda hér á landi miðað við Norðurlöndin. Sömuleiðis eru minni velferðarúrræði á Íslandi. Þjónustan á sviði heilbrigðis- og menntakerfis er svipuð og hjá hinum Norðurlöndunum en þegar kemur að félagsþjónustu og almannatryggingum er talsvert meiri munur (Guðný Björk Eydal, 2004a). Íslendingar hafa mótað velferðarstefnu á sérstakan hátt sem gjarnan er kallað „hin íslenska leið“ (Stefán Ólafsson, 1999). Helstu verkefni sem falla undir velferð eru framfærslutryggingar, minni fátækt, jöfn tækifæri og

umbætt samfélag (Stefán Ólafsson, 2004). Miklar breytingar hafa orðið á málefnum fjölskyldunnar hér á landi frá því að lýðveldið var stofnað. Engin sérstök fjölskyldustefna var til á þeim tíma og hefur hún því verið hluti af velferðarstefnu (Guðný Björk Eydal, 2005). Fjölskyldustefna hins opinbera er mikilvægur þáttur velferðarkerfisins (Ólöf Garðarsdóttir, 2008).

3.1. Fjölskyldustefna

Fjölskyldustefna nær til þarfa og vandamála fjölskyldna. Fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins og uppspretta lífsgilda en allir eru eða hafa verið hluti af fjölskyldu (Bragi Guðbrandsson, 1994). Hugtakið fjölskyldustefna er mikilvægt í umræðum um fjölskyldur en fjölskyldustefna getur haft áhrif á velferð þeirra (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Aukning á rannsóknum á þessu sviði á 8. áratugnum varð til þess að hugað varð meira að þessu sviði (Guðný Björk Eydal, 2005). „Fjölskyldustefnu má þannig skilgreina sem markvissar aðgerðir af hálfu stjórnvalda sem taka mið af þörfum fjölskyldunnar“ (Sigrún Júlíusdóttir, 2001, 104). Fleiri hafa skilgreint fjölskyldustefnu og skilgreining Kamerman og Khan er „allt sem stjórnvöld gera við og fyrir fjölskyldur“ (Guðný Björk Eydal, 2005, 27). Álíka erfitt er að skilgreina orðið fjölskyldustefna og orðið fjölskyldur og því eru til margar mismunandi skilgreiningar.

Ár fjölskyldunnar var árið 1994 og var sjónum beint að fjölskyldunni. Hugtakið fjölskyldustefna var meira í umræðunni hér á landi í kjölfar þess. Tillaga sem lögð var fram á Alþingi benti á þörf fyrir heilðræna fjölskyldustefnu. Árið 1997 setti Alþingi fram fjölskyldustefnu sem hafði það að leiðarljósi að fjölskyldan væri hornsteinn íslensks samfélags og að það þyrfti að styðja hana og styrkja (Guðný Björk Eydal, 2008b; Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Helstu markmið fjölskyldustefnu snúast um að koma á ákveðnum aðstæðum fyrir fjölskylduna til þess að hún geti notið sín. Markmiðin eru einnig þau að skapa velferð fyrir fjölskylduna svo að hún skapi traustan grunn fyrir einstaklinga (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Fjölskyldustefnan hefur auk þess það markmið að koma á jafnri ábyrgð foreldra í barnauppeldi, umönnun og heimilishaldi (Ólöf Garðarsdóttir, 2008). Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs er sömuleiðis viðfangsefni fjölskyldustefnu. Hér á landi er þó stuðningur

ekki jafn mikill og á hinum Norðurlöndunum þegar kemur að umönnun fyrir börn sem eru þriggja ára og yngri (Guðný Björk Eydal, 2004a). Mikil þörf er á stuðningi við barnafjölskyldur, þar sem þær eru stór hluti þjóðarinnar, frjósemi mikil og þátttaka beggja foreldra á vinnumarkað mikil (Stefán Ólafsson, 1999). Það er mikilvægt að hafa opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar, þar sem álitid er að fjölskyldan sé hornsteinn samfélagsins og velgengni og framtíð þjóðar velti á henni (Bragi Guðbrandsson, 1994). Greint er frá því í bókinni *Barnafjölskyldur* að rannsóknir og reynsla sýna að „... aðgerðir í þágu barnafjölskyldna geta beinlínis stuðlað að því að skapa hæfari foreldra og hamingjusamari börn“ (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson, 1995, 33).

Greint hefur verið á milli fjögurra mismunandi stefna. Fyrsta stefnan er markviss, altæk og samræmd fjölskyldustefna, yfirlýst stefna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Hún er yfirlýst þegar markmið hennar er að styrkja fjölskylduna í ákveðnum verkefnum (Bragi Guðbrandsson, 1994; Guðný Björk Eydal, 2005). Stefnan felur í sér sérstakt skipulag og ráðstafanir með það að markmiði að ná hvoru tveggja skammtíma- og langtímamarkmiðum fyrir fjölskyldur. Annars vegar er um að ræða skýra leið í ákveðnum afmörkuðum fjölskyldugerðum. Þriðja leiðin er dulin fjölskyldustefna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Hún hefur áhrif á fjölskyldur án þess að hafa það að markmiði. Algengt er að fjölskyldustefna sé dulin og hafi óbein áhrif (Bragi Guðbrandsson, 1994; Guðný Björk Eydal, 2005). Fjórða stefnan er and-fjölskyldustefna en þá er um að ræða algjört sinnuleysi stjórnvalda og vanvirðingu við málefni fjölskyldunnar (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Í grein sinni *Feður og fjölskyldustefna* fjallar Guðný Björk Eydal (2006) um það hvernig hlutverk feðra hefur verið skilgreint í íslenskri fjölskyldustefnu og hvaða stuðning þeir fá. Rannsóknin sýnir að áður hafi fjölskyldustefnan tekið mið af fyrirvinnuskipan en nú taki hún mið af einstaklingsskipan. Diane Sainsbury bjó til líkan sem sýndi hvernig velferðarkerfin eru mótuð af fyrirvinnuskipan og einstaklingsskipan. Þau velferðarkerfi sem snúa að fyrirvinnuskipan leggja áherslu á fyrirvinnu eiginmanns í verkaskiptingu kynjanna og mikilvægi hjónabandsins. Þau kerfi sem heyra undir einstaklingsskipan leggja áherslu á réttindi einstaklinga, hvort sem einstaklingarnir eru kvenkyns eða karlkyns, giftir eða ógiftir. Einstaklingsskipan

snýst líka um hæfni bæði feðra og mæðra til þess að sinna börnum og atvinnu (Guðný Björk Eydal, 2006). Greina má fyrirvinnuskipunina í íslensku kerfi á árum áður, til að mynda í greinagerð með frumvarpi fyrir almannatryggingalög frá 1945, þar sem tekið er fram að eiginmaður sé aðalfyrirvinna heimilisins. Sjá má stuðning við fyrirvinnuskipulagið í áhugaleysi Alþingis á umönnunarstefnu þar til árið 1970 (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008). Niðurstöður rannsóknar Guðnýjar (2006) sýndu brotthvarf fyrirvinnuskipunarinnar. Áður voru feður sagðir fyrirvinnur en nú eiga börn rétt á umönnun beggja foreldra. Löggjöfin hefur með tímanum veitt feðrum aukin kjör. Dæmi um slíkt er til að mynda sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs. Innleiðing sameiginlegrar forsjár hefur einnig skapað aukin tækifæri feðra til umönnunar og ábyrgðar (Guðný Björk Eydal, 2006).

Hér á landi hefur félagslegur stuðningur fyrir barnafjölskyldur almennt verið minni en á hinum Norðurlöndunum (Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2006). Á 20. öldinni jókst stuðningur talsvert við íslenskar barnafjölskyldur fyrir barnaumönnun, meðal annars með nýju fæðingarorlofslögunum og auknu aðgengi að dagvistun. Stuðningurinn var lengi vel mun minni hér á landi en á hinum Norðurlöndunum (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008). Hér á landi eru ekki lög um heima- eða umönnunargreiðslur. Slíkt er á öllum hinum Norðurlöndunum og eiga foreldrar þar kost á greiðslum eftir að fæðingarorlofi þeirra lýkur. Umönnun ungra barna hlýtur mikinn stuðning á hinum Norðurlöndunum. Sum sveitarfélög hafa þó tekið upp á því að bjóða slíkar greiðslur hér á landi (Guðný Björk Eydal og Tine Rostgaard, 2010). Félags- og tryggingamálaráðuneytið samþykkti aðgerðaráætlun árið 2007 sem snýr að fjölskyldumálum. Aðgerðin nær til ársins 2011 og er ætlað að bæta kjör barnafjölskyldna, efla forvarnir og stuðla að fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2007).

4. Löggjöf og feður

Þegar skoðuð er réttarstaða feðra gagnvart börnum sínum þarf að taka tillit til margra þátta í íslenskri löggjöf. Áhersla á virka þátttöku feðra í lífi barna þeirra má meðal annars sjá í lagaumhverfinu með áherslu á jafnrétti kynjanna. Skýrt dæmi um þetta eru breytingar frá forsjá eins foreldris í kjölfar skilnaðar eða sambúðarslita í átt að sameiginlegri forsjá beggja foreldra á meðal Norðurlandanna (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008). Ísland breytti löggjöf nokkuð seinna en hin Norðurlöndin. Árið 2006 var löggjöfinni breytt (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008) svo að forsjá er sjálfkrafa sameiginleg nema annað sé ákveðið. Auk þess má nefna rétt barna til að þekkja báða foreldra (Barnalög nr. 76/2003 og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna nr.18/1992). Í þessum kafla verður byrjað á því að fjalla um fæðingaorlofslögin.

4. 1. Fæðingar- og foreldraorlofslögin

Ástæðan fyrir því að fæðingarorlof var tekið upp í byrjun var sú að móðir og barn þurftu á því að halda heilsunnar vegna. Orlofinu var ætlað að koma í veg fyrir ungbarnadauða. Einnig má rekja það til þess þegar konur fóru að fara út á vinnumarkaðinn, þar sem ekki var unnt að sameina vinnu og umönnun. Konur fengu þó engin laun á meðan orlofinu stóð í fyrstu (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005; Ingólfur V. Gíslason, 2007). Árin 1946 til 1964 voru lög um mæðraorlof sett á laggirnar á Norðurlöndunum. Með þessum lögum áttu konur möguleika á greiðslu ef þær stunduðu launaða vinnu og orlof eftir barnsburð. Hér á landi voru þessi lög samþykkt seinna en á hinum Norðurlöndunum (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005).

Árið 1946 komu styrkir í kjölfar fæðingar barns fyrst í íslenska löggjöf með almannatryggingalögum nr. 50/1946 (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008) Konur áttu rétt á 14 vikum í mæðraorlof (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005). Þó svo að innleitt hafi verið í lögin að allar mæður ættu rétt á fæðingastyrk, þá hafði fæðingarstyrkur verið til frá árinu 1943 (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008; Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005). Hjá giftum mæðrum var þetta tekjutengt. Þessu var breytt árið 1950 og áttu allar mæður þá rétt á styrknum ef

þær áttu heima. Árið 1975 öðluðust vinnandi mæður rétt á þriggja mánaða styrk í kjölfar fæðingar. Lög um fæðingarorlof komu svo til samþykktar árið 1981 sem gaf mæðrum kost á greiðslum í þrjá mánuði eftir fæðingu. Móðir gat óskað eftir því að færa einn mánuð yfir á föður (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008). Frá árunum 1987 til 1990 jukust réttindin úr þremur mánuðum í sex (Lög um fæðingarorlof nr. 57/1987; Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008) og var feðrum heimilt að nota hluta af þeim (Ingólfur V. Gíslason, 2007). Eins og áður hefur komið fram, var réttur feðra afar takmarkaður. Almenn meðvitund var uppi um ójafnan rétt feðra og mæðra til fæðingarorlofstöku en að minnsta kosti tvær nefndir voru skipaðar á árunum 1989 og 1995 sem höfðu það verkefni að vinna að lausn á vandamálinu en án árangurs. Árið 1996 urðu réttindi feðra til fæðingarorlofs loks viðurkennd, þar sem feður í Reykjanesbæ urðu þeir fyrstu til þess að öðlast þau réttindi. Um var að ræða tvær vikur sem feður fengu greiddar (Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Á árunum 1996-1998 rak Reykjavíkurborg verkefni sem fólst í því að veita átta feðrum sem unnu hjá borginni þriggja mánaða fæðingarorlof með óskertum launum. Þessir feður tóku svo þátt í eigindlegri rannsókn sem var ætlað að varpa ljósi á áhrif þess að feður fengju tíma með börnum sínum. Markmiðið var meðal annars að sýna myndun tengsla milli föður og barns á þessum tíma og samræming fjölskyldulífs og atvinnulífs og (Ingólfur V. Gíslason, 2007). Til þess að vekja athygli og breyta viðhorfum almennings var gerð heimildarmynd sem sýndi niðurstöður verkefnisins. Henni var einnig ætlað að sýna fram á þörf á lagabreytingum um fæðingarorlof (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008). 87,5% feðra sögðust taka þriggja mánaða fæðingarorlof ef slíkt væri í boði og ef það hefði ekki áhrif á réttindi móður, samkvæmt skoðanakönnun frá árinu 1997. Könnunin sýndi einnig mikilvægi þess að tekjuskerðing væri lítil upp á nýtingu feðra (Ingólfur V. Gíslason, 1997). Þó svo að ekki hefðu margir feður tekið fæðingarorlof á þessum tíma, þá komst Ingólfur V. Gíslason (1997) að því með eigindlegri rannsókn sinni að flestir feður höfðu tekið sér frí frá vinnu í kjölfar fæðingar barns. Það var gjarnan launalaust eða þeir notuðu hluta af sumarfríi til þess. Þetta sýnir því að þó svo að ekki hafi margir feður tekið fæðingarorlof, þá hafi margir samt sem áður tekið sér frí frá vinnu. Guðný Björk Eydal (2008b) benti sömuleiðis á þessar niðurstöður.

Þeir foreldrar sem eru í vinnu eiga rétt á fæðingarorlofi í kjölfar fæðingar barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur. Fæðingarorlof er þriggja mánaða leyfi frá launuðum störfum til hvors foreldris og sameiginlega eiga þeir þrjá mánuði aukalega. Þeir foreldrar sem hafa verið í fullu námi fyrir fæðingu barns eiga hins vegar rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði og þrjá sameiginlega mánuði. Auk þess eiga þeir foreldrar sem eru í lítilli sem engri vinnu rétt á fæðingarstyrk. Foreldrar eiga ennfremur rétt á foreldraleysi sem er launalaust leyfi í hámark 13 vikur. Markmið laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof er að tryggja barni samvistir við báða foreldra, eins og segir í fyrstu málsgrein 2. gr. laganna. Í annarri málsgrein er einnig kveðið á um það að markmið þeirra sé að gera báðum foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þessi réttindi gilda hvort sem um er að ræða fæðingu barns, ættleiðingu barns undir átta ára aldri eða þegar tekið er barn yngra en átta ára í fóstur. Ef annað foreldrið nýtir ekki þá þrjá mánuði sem það hefur rétt á, þá falla þeir úr gildi og hitt foreldrið getur ekki nýtt sér þá (Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000).

Réttur feðra hér á landi er betri en á öðrum löndum hvað varðar sjálfstæða réttinn til launaðs fæðingarorlofs. Þessar framfarir má rekja til Svíþjóðar og Noregs. Hér á landi var hins vegar nýja löggjöfin stórt stökk frá því sem áður var. Í byrjun var það þannig að móðirin átti þrjá mánuði, faðirinn einn og svo átta þau þrjá sameiginlega. Í byrjun árs 2002 bættist við einn mánuður í rétt föður og var því réttur þeirra orðinn tveir mánuðir. Loks í byrjun árs 2003 var rétturinn aukinn um einn mánuð, svo að móðirin á þrjá mánuði, faðirinn þrjá og sameiginlegur réttur er þrjú mánuðir (Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2004; Ingólfur V. Gíslason, 2002).

Núverandi lög um fæðingar- og foreldraorlof hafa vakið alþjóðlega athygli. Nokkur atriði höfðu áhrif á að fæðingarorlofslögin árið 2000 urðu til. Fyrst má nefna breytt kynhlutverk. Konur fóru að fara meira út á vinnumarkaðinn og hlutur þeirra í valdastöðum varð meiri. Hér má einnig nefna byltingu í menntun. Þetta eru líklega mikilvægustu atriðin í innleiðingu laganna. Annar þátturinn lýtur að auknum lagalegum réttindum barna fyrir umönnun beggja foreldra og aukinni opinberri þátttöku í málefnum fjölskyldunnar. Í þriðja lagi má nefna jafnrétti kynjanna og áherslu á tækifæri beggja foreldra til þess að samræma fjölskyldulíf og

atvinnuþátttöku (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008) en átök milli vinnu og fjölskyldulífs geta haft slæm áhrif á heilsu og valdið vandræðum innan heimilis og í starfi (Árni Fannar Sigurðsson og Ólöf Eiríksdóttir, 2005).

Sá hluti sem tekur fæðingarorlof bæði af feðrum og mæðrum hefur verið frekar svipaður eftir árið 2004 en fleiri mæður nýta sér þó fæðingarstyrkinn en feður (Vinnumálastofnun, 2010). Fjöldi feðra sem nýta sér fæðingastyrkinn hefur þó hækkað frá 2004 til 2009, eins og sjá má í töflunni fyrir neðan. Mæður nýta hins vegar sameiginlega réttinn frekar en feður og því eru greiðslur fleiri til þeirra þó svo að taflan sýni frekar jafna notkun.

Tafla 3. Fjöldi feðra og mæðra sem hafa fengið greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði frá 2001-2009

Ár	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Feður									
Orlof	2.525	3.523	4.443	5.284	5.477	5.536	5.884	6.317	6.340
Styrkir	225	305	295	351	416	395	374	360	436
Mæður									
Orlof	3.224	5.061	5.145	5.393	5.373	5.458	5.833	6.133	6.469
Styrkir	848	1.205	1.187	1.217	1.221	1.277	1.315	1.313	1.227
Samtals	6.822	10.094	11.070	12.245	12.487	12.666	13.406	14.123	14.472

(Vinnumálastofnun, 2010, bls. 14).

Reikna má með því að tölurnar hafi lækkað árið 2010 og haldi áfram að lækka vegna efnahagshrunsins. Hámarksgreiðslur hafa til að mynda verið lækkaðar. Tölur fæðingarorlofssjóðs sýna meiri nýtingu með hækkanði aldri feðra en þróunin í samfélaginu hefur verið sú að foreldrar eru farnir að eiga börn seinna en áður. Mikill munur er á nýtingu feðra á aldrinum 21-25 ára og 26-30 ára. Talan hækkar örlítið á aldrinum 31-35 ára en fer svo lækkanði en þó nýta fleiri feður á aldrinum 36-40 ára orlofið en feður á aldrinum 21-25 ára (Vinnumálastofnun, 2010).

Tildrög laganna árið 2000 hér á landi urðu með frumvarpi í apríl sama ár sem ýtti undir breytingu á fæðingarorlofslögunum (Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000). Í kjölfar þess var fæðingarorlofssjóður stofnaður en hlutverk hans var að halda utan um greiðslur til foreldra. Tryggingagjald

launagreiðanda var notað til þess að fjármagna sjóðinn (Vinnumálastofnun, 2010). Árið 2004 voru þó gerðar lagabreytingar á lögum nr. 95/2000, þar sem þörf var á endurskoðun. Ástæða þess að þörf var á breytingum var sú að Fæðingarorlofssjóður var að fara í þrot vegna þess að ekki hafði verið gert ráð fyrir því að eins margir feður tækju fæðingarorlof og raunin var. Sá aukni réttur sem feður fengu, með tilkomu laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, var því greinilega að skila árangri, þar sem mun fleiri feður sóttust eftir orlofinu en áður. Það þurfti því að auka tekjur fæðingarorlofssjóðsins og minnka útstreymi með því að setja tekjumörk (Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Foreldrar fá 80% af meðaltali heildarlauna greitt úr fæðingarorlofssjóði, þó eru þök á því. Upphaflega voru ekki þök (Eygló Árnadóttir og Eva Bjarnadóttir, 2011) en þök voru sett árið 2005 svo að fæðingarorlofssjóður færi ekki í þrot og voru hámarksgreiðslur takmarkaðar við 480.000 kr. á mánuði (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008; Vinnumálastofnun, 2010; Eygló Árnadóttir og Eva Bjarnadóttir, 2011). Hámarksgreiðslur hækkuðu svo þar til 1. janúar 2009 en þá lækkuðu þökin niður í 400.000 kr. og júlí 2009 voru þökin komin niður í 350.000 kr. á mánuði. 1. janúar 2010 voru þökin komin niður í 300.000 kr. á mánuði. Þessar breytingar hafa bitnað mest á feðrum (Vinnumálastofnun, 2010; Eygló Árnadóttir og Eva Bjarnadóttir, 2011). 45,7% feðra í fæðingarorlofi lenda í því hámarki sem er á greiðslum nú (Eygló Árnadóttir og Eva Bjarnadóttir, 2011). „Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að útgjöld Fæðingarorlofssjóðs lækki enn um milljarð á árinu. Niðurskurður gæti falið í sér styttingu orlofsréttar, lækkun hámarksgreiðslna eða lækkun á hlutfalli útgreiðslu af reiknuðum bótum“ (Eygló Árnadóttir og Eva Bjarnadóttir, 2011, 9). Þessar breytingar hafa verið settar í biðstöðu (Eygló Árnadóttir og Eva Bjarnadóttir, 2011).

4.1.1. Feður og fæðingarorlofsrétturinn

Róttækar aðgerðir í átt að jafnrétti urðu til þess að fæðingarorlofi var komið á. Markmið þess er að stuðla að nýtingu feðra og gefa þeim möguleika á að kynnast barninu frá upphafi (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005; Ingólfur V. Gíslason, 2007). Markmiðið með því er að tengsl á milli föður og barns haldist að fæðingarorlofi

loknu. Fæðingarorlofinu er einnig ætlað að virkja feður á heimilinu og jafna stöðu beggja kynja, þar sem og á vinnumarkaðnum (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005). Ýmsar tilviksrannsóknir, bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum, hafa varpað ljósi á að líklegra er að feður eignist annað barn ef þeir taka þátt í heimilisstörfum og umönnun barna. Sömuleiðis hefur verið sýnt fram á, meðal annars í Noregi og Svíþjóð, að þeir feður sem taka langt fæðingarorlof séu líklegri til þess að eignast annað barn (Ólöf Garðarsdóttir, 2008). Lögð hefur verið áhersla á að það að feður taki fæðingarorlof ýti undir virka þátttöku í umönnun barna frá byrjun og að það leiði til áframhaldandi virkni í lífi þeirra (Ingólfur V. Gíslason, 2008b; Guðný Björk Eydal, 2008b).

4.1.2. Nýting

Misjafnt er hvernig feður nýta rétt sinn til fæðingarorlofs. Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2004) benda á að samkvæmt tilvikskönnun sem gerð var árið 2004 með aðferðafræðilegri margnalgun hafi komið í ljós að um 82% feðra nota tvo mánuði en 76% nota þrjá mánuði fæðingarorlofsins. Rannsókn Guðnýjar Bjarkar Eydal (2008a) leiddi í ljós að meiri hluti feðra nýta sér fæðingarorlofið og flestir taka alla þá þrjá mánuði sem þeir eiga rétt á. Það hlutfall sem tekur fæðingarorlof fer sífellt hækkandi og má rekja þessa fjölgun til setningu nýju laganna. Sumir taka jafnvel lengra orlof en þeir hafa rétt á. Hlutfall feðra sem nýta rétt sinn til fæðingarorlofs er hæst á Íslandi, um 90%, og sömuleiðis lengd þess (Ingólfur V. Gíslason, 2007, 2008b). Feður eru hins vegar líklegri til þess að skipta leyfinu í nokkur styttri tímabil en mæður (Ingólfur V. Gíslason, 2007). Flestir feður nýta fæðingaorlofið til samvista með barni og fjölskyldu en þó eru mögulega einhverjir sem nýta það ekki eins og til er ætlast (Ingólfur V. Gíslason, 2007). Mæðurnar virðast nýta hinn sameiginlega rétt oftast (Guðný Björk Eydal, 2007, 2008b; Ingólfur V. Gíslason, 2005) og tekur Ingólfur V. Gíslason (2008a) undir það en hann segir aðeins um 20% feðra nýta einhvern hluta af þeim þrem mánuðum sem eru sameiginlegir og því eru það í flestum tilvikum mæðurnar sem nýta sameiginlega réttinn (Ingólfur V. Gíslason, 2008b; Guðný Björk Eydal, 2008b).

Samkvæmt niðurstöðum sænskra rannsókna er misjafnt hvernig feður nýta sér fæðingarorlofsréttinn eftir mismunandi hópum feðra. Þá hefur mismunandi menntunarstig og atvinnustaða áhrif á nýtingu orlofsins. Feður nýta sér frekar réttinn í þeim tilvikum þar sem mæður eru með aukna menntun. Feður með háar tekjur nýta frekar orlofsréttinn en feður með lágar tekjur. Feður í námi taka síður fæðingarorlof en þeir sem eru í vinnu, samkvæmt þessum rannsóknum (Guðný Björk Eydal, 2008a). Norsk rannsókn, sem Asgeir Winge, Berit Brandth og Elin Kvande gerðu á nýtingu feðra á fæðingarorlofinu, leiddi í ljós að karlar sem vinna meira en 41 tíma vinnuviku taka síður orlof en þeir sem vinna minna. Athyglisvert er að þeir sem vinna mikla yfirvinnu taka síður fæðingarorlof. Þeir feður sem gegna yfirmannsstöðu er hópur þeirra feðra sem taka síst orlof en aðeins 49% þeirra taka fæðingarorlof (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005). Samkvæmt rannsókninni sem fjallað var um í kaflanum Umönnun barna og atvinnuþátttaka foreldra barna yngri en þriggja ára kom í ljós að þeir feður sem voru vel launaðir tóku frekar fæðingarorlof eða 85,1%. Hlutfall þeirra sem voru með lágar tekjur var 65%. Í rannsókninni voru bornar saman niðurstöður tveggja rannsókna, frá 2001 og 2007 og sýndi seinni rannsóknin, frá 2007 þessar niðurstöður (Guðný Björk Eydal, 2008b).

Könnun sem gerð var árið 2006 sem kannaði upplifun foreldra á fæðingarorlofi skoðaði meðal annars hvernig foreldrar haga orlofinu og reynslu og viðhorf gagnvart ýmsum þáttum þess. Fjöldi þeirra sem tóku þátt í könnuninni var 2387 og valinn af handahófi, bæði mæður og feður, alls staðar af landinu sem eignuðust börn á árunum 2001-2004. Það sem einkenndi ennfremur þátttakendur var að þeir höfðu fengið greiðslur úr fæðingarorlofssjóði. Könnunin var netkönnun en einnig var möguleiki að svara henni símleiðis, flestir tóku netkönnun og svarhlutfall var 54,5%, 41% karlar og 59% konur. Í ljós kom að 94,3% þátttakenda nýttu allan sjálfstæða réttinn til fæðingarorlofs, 88% feðra og 99% mæðra. Þegar skoðuð var nýting á sameiginlega réttinum kom hins vegar í ljós að mæður nota sameiginlega réttinn í flestum tilvikum en aðeins 10,5% mæðra notuðu hann ekki. 83% mæðra en 24% feðra nýttu 11-12 vikur (Bryndís Jónsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008). Aðrar íslenskar rannsóknir styðja þessar niðurstöður, að mæður nýta sameiginlega réttinn mun oftar en feður (Bryndís Jónsdóttir og Gylfi

Dalmann Aðalsteinsson, 2008; Ingólfur V. Gíslason, 2008b). Mæður virðast stjórna því hvort feður taki eitthvað af sameiginlega réttinum. Óskir mæðra og staða þeirra á vinnumarkaðnum hefur áhrif á nýtingu þeirra (Ingólfur V. Gíslason, 2008b). Fæðingarorlofstaka feðra á hinum þremur sameiginlegu mánuðum jókst fram að árinu 2008. Tölur sýna að fjöldi þeirra daga er að meðaltali um 15 dagar. Tíðnin hefur þó dregist saman í kjölfar efnahagshrunsins. Feður sækja sjaldnar um fæðingarorlof nú en áður og nýta sér styttri tíma en hefur verið fram að hruninu og má því segja að laun hafi áhrif á nýtingu fæðingarorlofsins (Vinnumálastofnun, 2010).

Fjölskyldustaða virðist hafa áhrif á nýtingu fæðingarorlofsins en munur er á því hvernig ólíkir hópar feðra nýta rétt sinn. Svo virðist vera sem lítið sé vitað um hlutdeild feðra sem búa ekki með börnum sínum. Til þess að geta nýtt sér fæðingarorlof þurfa forsjálausir foreldrar samþykki þess foreldris sem fer með forsjána (Guðný Björk Eydal og Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir, 2008). Rannsókn var gerð árið 2001 á nýtingu fæðingarorlofs foreldra sem eignuðust barn árið 1997 og önnur árið 2007 foreldrum barna fædd árið 2003 sem fjallað er um í kaflanum Umönnun barna og atvinnuþátttaka foreldra barna yngri en þriggja ára. Þátttaka feðra barna fæddra 2003 í fæðingarorlofi var mun minni hjá þeim fjölskyldum þar sem móðir bjó ein með barni sínu, þar sem 59,6% feðranna tóku orlof en 81,9% þar sem tveir foreldrar bjuggu á heimilinu (Guðný Björk Eydal, 2008b). Þessi munur sýnir að þau börn sem búa ekki með feðrum sínum njóta minni umönnunar frá þeim fyrstu árin en frá móður. Þar sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá, er aðeins meiri nýting feðra á fæðingaorlofinu (Guðný Björk Eydal og Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir, 2008).

Guðný Björk Eydal og Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir (2008) gerðu rannsókn sem skoðaði hvernig einstæðir foreldrar haga fæðingarorlofinu. Tilgangurinn var sá að fá skilning og þekkingu á viðhorfi foreldra sem fara ekki sameiginlega með forsjá til fæðingarorlofstöku. Rannsóknin var bæði meginleg, þar sem fyrirliggjandi gögn voru greind, og eigindleg. Tekin voru ellefu hálf opin viðtöl og þátttakendur voru fengnir með markvissu úrtaki. Niðurstöðurnar varpa ljósi á það að fjölskyldustaða hefur áhrif á nýtingu feðra á fæðingarorlofi. Þeir feður sem búa með börnum sínum virðast frekar taka fæðingarorlof en þeir sem

ekki búa með börnum sínum. Í ljós kom að mikil þörf er á foreldra- og fjölskylduráðgjöf á meðgöngu (Guðný Björk Eydal og Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir, 2008).

4.1.3. Áhrif

Fæðingarorlofið gerir foreldrum kleift að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf (Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000; Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008; Ingólfur V. Gíslason, 2008b). Guðný Björk Eydal (2008a) fjallar um virkni fæðingarorlofs í grein sinni *Fæðingarorlof, feður og fjölskyldustaða* en þar segir að niðurstöður kannanna bendi til þess að tengsl séu á milli þess að feður taki fæðingarorlof og þátttöku í umönnun að orlofi loknu. Líklegt er að sterkari tengsl myndist á milli föður og barns við það að vera í fæðingarorlofi og því má rekja fæðingarorlofstöku til þess. Fæðingarorlof er því gagnlegt fyrir feður og er líklegt að það ýti undir jákvæða tengslamyndun við börnin (Guðný Björk Eydal, 2008a). Einnig eru meiri líkur á aukinni þátttöku í uppeldi og fjölskyldulífi ef feður taka fæðingarorlof (Flacking, Dykes, og Edwald, 2010). Fæðingarorlofið ýtir undir ánægju feðra á að hugsa um börnin. Enn fremur ýtir það undir skilning feðra á þörfum barnsins (Auður Arna Arnardóttir, 2008).

Guðný Björk Eydal (2008b) segir frá rannsókn Brandth og Kvande frá 2003. Þeir rannsökuðu hvernig norskir feður höguðu fæðingarorlofinu. Niðurstöðurnar sýndu að þeir feður sem tóku fæðingarorlofið á sama tíma og mæðurnar höfðu verið í einhvers konar stuðningshlutverki á meðan leyfinu stóð. Hins vegar sögðu þeir feður sem höfðu ekki tekið leyfið á sama tíma og mæðurnar að leyfið hefði aukið tengsl þeirra við barnið og foreldrafærni. Því er líklegt að bestu áhrifin náist fyrir feður ef þeir eru einir með barninu í fæðingarorlofinu.

4.1.4. Mögulegar ástæður fyrir því að feður nýta ekki rétt sinn

Ljóst er að ekki taka allir feður fæðingarorlof. Um 90% feðra nýta sér réttinn til fæðingarorlofs og því eru um 10% sem nýta hann ekki. Ýmsar ástæður geta legið að baki þess að þeir nýta hann ekki. Í þeim tilvikum þegar foreldrar búa ekki saman

eða eru ekki í hjónabandi eða í sambúð, hefur móðirin um það að segja hvort faðir taki fæðingarorlof eða ekki (Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Ingólfur V. Gíslason (2005) og (2007) bendir á að nokkrar ástæður séu líklega að baki þess að feður nýta ekki sameiginlega réttinn sem er í boði. Formföst sjónarmið er ein hugsanleg skýring, þar sem ríkjandi eru gildi í samfélaginu um það að umönnun og uppeldi eigi að vera í höndum móður og framfærsla fjölskyldu í höndum föður (Ingólfur V. Gíslason, 2005, 2007; Auður Arna Arnardóttir, 2008). Kannanir Gallup frá 2003 hafa einnig leitt í ljós að skoðanir karla séu í 26,8% tilvika þær að konur séu hæfari uppalendur, samkvæmt grein Ingólfs (Ingólfur V. Gíslason, 2005). Í öðru lagi er mælt með því að konur hafi börn á brjósti fyrstu sex mánuði þess og því er brjóstagjöf einn áhrifavaldur. Auður Arna Arnardóttir (2008) tekur einnig undir að brjóstagjöf hafi áhrif. Önnur ástæða sem liggur hugsanlega að baki er sú að á meðgöngu breytist líkami konunnar mikið og fæðing reyni sömuleiðis á hann og þær þurfi tíma til þess að ná sér. Tekjur feðra spila einnig inn í, þar sem þeir hafa oft hærri laun en mæður og því gæti orðið meira peningaleysi á heimilinu ef faðir tekur þessa þrjá mánuði (Ingólfur V. Gíslason, 2005, 2007; Auður Arna Arnardóttir, 2008). Jafnframt er líklegt er að viðhorf yfirmanna hafi einnig áhrif, þar sem sumir eru liðlegri en aðrir (Ingólfur V. Gíslason, 2005).

Upplýsingaskortur er ein möguleg ástæða fyrir því að feður nýta sér ekki rétt sinn, þar sem ekki allir karlmenn vita hver þeirra réttur er (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005). Fjárhagsstaða heimilisins er önnur ástæða fyrir því að feður taka ekki orlof. Það eru ekki allir í þeim aðstæðum að geta tekið orlof vegna þess tekjumissis sem heimilið verður fyrir, þar sem tekjurnar lækka við orlofstöku. Tekjuskerðing virðist hafa veruleg áhrif á ákvörðun á töku orlofsins (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005; Eygló Árnadóttir og Eva Bjarnadóttir, 2011). Hætta er á að feður minnki töku fæðingarorlofs vegna lægri greiðslna. Ef sú er raunin má segja að lögin um fæðingar- og foreldraorlof séu ekki að þjóna tilgangi sínum, þ.e. að tryggja barni samvistir við báða foreldra. Bráðabirgðatölur sem koma fram í skýrslu Vinnumálastofnunar um *Samantekt yfir tölulegar upplýsingar Fæðingarorlofssjóðs 2001-2009* sýna þróun í þessa átt (Vinnumálastofnun, 2010). Nýleg skýrsla Velferðarráðuneytis bendir á að hámarkgreiðslur fæðingarorlofssjóðs séu farnar að hafa áhrif á nýtingu feðra á fæðingarorlofi (Eygló Árnadóttir og Eva Bjarnadóttir,

2011). Meiri líkur væru á því að þeir tækju orlof ef orlofsgreiðslurnar væru full laun en ekki aðeins 80% af launum. Það má því segja að ekki hafi allir efni á því að taka fæðingarorlof. Lengd orlofsins hefur einnig áhrif en talið er að ef sameiginlegur réttur foreldra sé stuttur, þá sé líklegra að konurnar nýti sér hann. Það mætti því lengja sameiginlega réttinn svo að karlar taki lengra orlof (Fríða Rós Valdimarsdóttir, 2005).

4.2. Lagaleg staða feðra eftir skilnað

„Skilnaður er röskun sem felur oftast í sér áfall bæði fyrir börn og foreldra.“ (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000, 7). Árið 1995 voru lögskilnaðir alls 472, samkvæmt vef Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2010-c), en árið 2009 voru þeir alls 550 talsins (Hagstofa Íslands, 2010-d). Cabrera, Tamis-LeMonda, Bradley, Hofferth og Lamb (2000) reikna með því að hlutfall þeirra barna í Bandaríkjunum sem búa aðeins hjá öðru foreldri eigi eftir að hækka um 50% í framtíðinni. Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson (1995) benda á að rannsóknir á skilnuðum hafi leitt í ljós að eitt það erfiðasta sem fylgi skilnaði fyrir börn sé minna samband þeirra við það foreldri sem það býr ekki hjá, sem er oftast faðir. Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000) benda einnig á að rannsóknir hafa sýnt litla þátttöku feðra í lífi barna eftir skilnað og minnkar hún oft eftir því sem lengra líður frá skilnaði. Lerman og Ooms (1993) og Coley og Chase-Landsdale (1999) benda á að margar rannsóknir hafi sýnt að aðeins helmingur feðra sem búa ekki með barnsmæðrum sínum hafi reglulegt samband við börnin sín fyrstu árin eftir fæðingu barna þeirra. Hlutfallið virðist lækka eftir því sem börnin eldast (Furstenberg og Harris, 1993). Hlutfallið virðist einnig vera lágt þegar kemur að sambandi föður og barns í kjölfar skilnaðar, en um þriðjungur feðra hefur ekkert samband við börnin sín að sögn Nord og Zill (1996).

Rannsókn um ólíkar fjölskyldugerðir sem unnin var af Sigrúnu Júlíusdóttur, Nönnu K. Sigurðardóttur, Friðriki H. Jónssyni og Sigurði J. Grétarssyni nær til stöðu foreldra og aldurs barna, líðan foreldra og vanda tengdum kynhlutverkum. Fjallað var um fimm fjölskyldugerðir en stuðst var við megindlega rannsóknnaðferð í rannsókninni. Eitt af því sem kom fram í þeirri rannsókn var óánægja þeirra feðra

með stöðu sína, sem ekki höfðu forsjá yfir börnum sínum í kjölfar skilnaðar. Einnig kom í ljós minni stuðningur við þá og þeir virtust frekar finna fyrir einmanaleika og svefntruflunum en aðrir foreldrar. Fráskildu feðurnir leituðu meira til barnanna og fyrrverandi maka en annarra. Sigrún Júlíusdóttir (1997) bendir á að niðurstöður fyrrnefndrar rannsóknar sýni að 76% feðra vilji sameiginlega forsjá yfir börnum á meðan aðeins 20% fráskyldra mæðra vilji það. Þó kemur það á óvart að aðeins 28% feðra virtust vera ósáttir við fyrirkomulag um umgengni. Aðeins 40% þeirra mæðra sem voru einstæðar gátu þó hugsað sér að feðurnir tækju meiri þátt í daglegri umönnun barnanna. Hlutfall þeirra sem vildu að þeir sýndu meiri fjárhagslega ábyrgð var þó 60%. Þessar niðurstöður sýna að feður virðast verða undir þegar kemur að samningum í skilnaðarmálum. Mæðurnar virðast stjórna umgengninni á milli barnsins og föðurins að miklu leyti. Sigrún bendir enn fremur á að þegar samskipti föður við börnin eru slök, þá kemur það niður á tilfinningalega sambandinu, betra er að samskiptin séu góð svo að tilfinningalega sambandið sé gott (Sigrún Júlíusdóttir, 1997).

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili og Barnalögum nr. 76/2003 er aðeins hægt að hafa lögheimili á einum stað í einu. Eftir skilnað getur barn því aðeins haft lögheimili hjá öðru foreldri, þó svo að um sameiginlega forsjá sé að ræða. Það foreldri sem barn hefur ekki lögheimili hjá getur umgengist það, þar sem barn á rétt á reglulegri umgengni við það foreldri. Foreldrar eiga að sjá til þess að barnið njóti umgengni við báða foreldra og tryggja þannig rétt barnsins. Um þetta er kveðið á í Barnalögum nr. 76/2003 en einnig í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hér á landi er hlutfall þeirra barna sem búa með öðru foreldri hærra en á hinum Vesturlöndunum. Algengast er að börnin búi með mæðrum sínum, en hlutfall barna sem búa með feðrum sínum hefur aukist (Guðný Björk Eydal og Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Sigrún Júlíusdóttir (1997) bendir á einn þátt í kjölfar skilnaðar, en það er að barn hafi meira samband við annað foreldrið en hitt. Hætta er á að meira samband verði við það foreldri sem barnið býr hjá. Rannsóknin um ólík fjölskylduform (1995) leiddi í ljós að oft er ekkert ákveðið fyrirkomulag í umgengni. Sigrún nefnir þó að með ráðgjöf, fræðslu og félagslegum stuðningi væri hægt að koma í veg fyrir það sem og með löggjöf. Barn á rétt á að umgangast og tengjast báðum foreldrum en báðir foreldrar hafa sömuleiðis rétt á

að umgangast barnið og tengjast því (Sigrún Júlíusdóttir, 1997; Barnalög nr. 76/2003).

Fræðimönnum ber ekki saman um það hvort samskipti við fyrrverandi maka hafi áhrif á þátttöku feðra í lífi barna sinna. Sumir segja að samband við fyrrverandi maka hafi engin áhrif á þátttöku feðra með börnum sínum (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000) en Leichtentritt og Rettig (2001) segja að feður reyni að halda frið við fyrrverandi maka til þess að fá að hafa samskipti við börnin. Sumir fræðimenn halda því fram að þegar feður fá stuðning frá fjölskyldu sinni, vinum og ættingjum, þá séu meiri líkur á þátttöku þeirra (Fagan, Barnett, Bernd og Whiteman, 2007).

Sigrún Júlíusdóttir o.fl. (1995) benda á að kannanir hafa sýnt að því betri sem tengsl barns við föður eru eftir skilnað, því betri er líðan þess og meiri velgengni hjá barninu. Undantekning er ef erfiðleikar eru í lífi feðranna. Sömuleiðis hefur komið í ljós að það eru gæði samvistanna sem veita ánægju en ekki tíðni heimsóknna. Ánægjan er þó mun meiri ef viðhorf móðurinnar er jákvætt í garð föður og barns. Aðlögun barns er betri eftir því sem móðirin hvetur barnið til þess að hafa samskipti við föður, sérstaklega á meðal drengja. Lítið samband barns við föður kemur niður á námi þess. Samvinna foreldranna er mikilvæg þegar kemur að sambandi barna og föður eftir skilnað (Sigrún Júlíusdóttir og fl., 1995).

4.2.1. Sameiginleg forsjá

Misjafnt er hvernig forsjá er hagað eftir skilnað, hvort forsjá sé sameiginleg eða hvort barn sé aðeins hjá móður eða aðeins hjá föður. Í bókinni *Barna fjölskyldur* er fjallað um það að ekkert eitt forsjárfyrirkomulag sé betra en annað, heldur skipti máli að samkomulag, samskipti og traust sé gott. Fleiri þættir skipta einnig máli en það eru ýmsir ytri þættir, eins og fjölskyldutengsl, skóli, fjárhagsstaða og húsnæði (Sigrún Júlíusdóttir og fl., 1995).

Ákvæði um sameiginlega forsjá voru innleidd í íslensk barnalög árið 1992 og gilda við skilnað og sambúðarslit (Barnalög nr. 76/2003). Hugmyndina um sameiginlega forsjá, og þar með sameiginlega ábyrgð beggja foreldra, má rekja til fagfólks, almennings og til löggjafans. Fyrir innleiðingu ákvæða um sameiginlega


forsjá var þekkt að foreldrar höguðu málum þannig að um sameiginlega forsjá var að ræða og því var þetta ekki nýtt, þó svo að þetta hafi verið stimplað í lögin. Erfiðlega gekk að innleiða sameiginlega forsjá í íslenska löggjöf en var loks komið á eftir mikla umfjöllun í 3. mgr. 32. gr. barnalaga (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Réttarstaða feðra eftir skilnað hefur lagast mikið eftir að þessi lög voru innleidd. Feður hafa lagalegum skyldum að gegna varðandi umgengni við börn sín og sömuleiðis eiga börn rétt á umgengni. Með innleiðingu á sameiginlegri forsjá hafa möguleikar á samskiptum barna og föður orðið betri, þar sem algengara hefur verið að mæður fari með forsjána. Umönnunin hefur lengi verið í höndum móðurinnar á meðan feður borga meðlag og greiða jafnvel annan kostnað. Fjárhagsleg ábyrgð hefur því lengi verið í höndum feðra, þó svo tengsl þeirra við börnin séu lítil sem engin. Sameiginleg forsjá tryggir umgengnisrétt barns við báða foreldra og rétt fjarverandi foreldris til þess að rækta tengsl við barnið (Sigrún Júlíusdóttir og fl., 1995).

Í barnalögum nr. 76/2003 er kveðið á um það að foreldrar fari saman með forsjá barns síns eftir skilnað eða sambúðarslit. Undantekning frá þessu er ef ákveðið er að haga þessu öðruvísi og þá getur annað foreldrið til að mynda farið með forsjá. Ekki er skilgreint hvað felst í sameiginlegri forsjá annað en það að foreldrar fari báðir sameiginlega með forsjána og þurfi báðir að taka þátt í stórum ákvörðunum sem snerta barnið (Barnalög nr. 76/2003). Um forsjá gildir réttur og skylda foreldris yfir persónulegum hagsmunum barns. Það foreldri sem fer með forsjá skal tryggja velferð barnsins og sýna því umhyggju og virðingu. Þegar um sameiginlega forsjá er að ræða, þá fara báðir foreldrar því með þessar skyldur og rétt sem og að taka sameiginlega umfangsmiklar ákvarðanir (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2006).

Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000) gerðu rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna eftir skilnað. Rannsóknin var meginleg og náði til foreldra sem hafa sameiginlega forsjá yfir börnum sínum bæði eftir skilnað. Hún náði til 33% þátttakenda sem höfðu skilið og 67% þátttakenda sem komu úr sambúðarslitum. Úrtakið var 1000 manns sem fengið var með tilviljunaraðferð en svörun fékkst frá 701 þátttakanda. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu meðal annars í ljós eina ástæðu þess að foreldrar völdu að fara sameiginlega með


forsjána, en það voru væntingar og vonir þeirra um að taka jafn mikinn þátt í uppeldi og framfærslu og verða jafn ábyrgir í lífi barna sinna eftir skilnað. Önnur ástæða fyrir því að sameiginleg forsjá var valin, var hvað barninu væri fyrir bestu og viðurkenning foreldra á því að barn þurfi á báðum foreldrum að halda. Viðhorfsbreyting kom í ljós varðandi samstarf mæðra og feðra í þjóðfélaginu. Athygli vakti að feður sögðu frekar en mæður ástæðuna fyrir sameiginlegri forsjá vera vegna hagsmuna barnsins og að það mundi auka þátt beggja foreldra í uppeldinu. Sameiginleg forsjá sýndi minni togstreitu milli fjölskyldna og því var betra samband barna við upprunafjölskyldur sínar. Rannsóknin sýndi meiri ánægju og sátt á milli foreldra sem fóru með sameiginlega forsjá. Í ljós kom meiri ánægja feðra með sameiginlega forsjá en mæðra. Feður fengu formlega viðurkenningu á hlutdeild sinni með sameiginlegri forsjá en það ýtti undir betri sjálfsmynd og betri líðan. Feður efla tengslin við börnin tilfinningalega til þess að staðfesta föðurímyndina og efla einnig félagsleg samskipti við þau. Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000) benda á að ýmsar rannsóknir á skilnuðum hafi þó sýnt að samband feðra við börn eftir skilnað endurspeglar oft í samskiptum við fyrrverandi maka á meðan skilnaður stendur yfir, og hvernig forsjá yfir barninu er háttað. Skilnaður heldur áfram að vera röskun á líf barna og foreldra og hefur áhrif á samskiptin en með tilkomu sameiginlegrar forsjár urðu jákvæðar breytingar. Feður eru ánægðari og viðhorf þeirra til hlutdeildar í uppeldi barnanna eru jákvæðari. Viðhorfsbreytingar hafa einnig komið fram hjá mæðrum og eru þær jákvæðari í garð sambands feðra og barna. Tengsl barna við föður eru betri ef mæður eru jákvæðar og sýna stuðning. Sameiginleg forsjá á þó ekki alltaf vel við, þar sem hún þjónar ekki hagsmunum barnsins í öllum tilfellum (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Árið 1992, þegar sameiginleg forsjá var tekin í gildi, var forsjá yfir 65 börnum sameiginleg. Tveimur árum seinna, árið 1994, var tala tilfella þar sem veitt var sameiginleg forsjá 119 (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Árið 2009 var talan komin upp í 487 tilfelli eftir lögskilnað, eins og sjá má í töflunni fyrir neðan, og því ljóst að sameiginleg forsjá er orðin algengur kostur (Hagstofa Íslands, 2010-a).



Mynd 2.1 Sameiginleg forsjá úr lögskilnuðum

Þegar sameiginleg forsjá var skoðuð úr sambúðarslitum, kom í ljós að 592 fóru sameiginlega með forsjá árið 2009 (Hagstofa Íslands, 2010-b).



Mynd 2.2 Sameiginleg forsjá úr sambúðarslitum

Samkvæmt samantekt á gögnum Hagstofu Íslands, sem byggir á forsjá móður eða föður eftir lögskilnað eða sambúðarslit á árunum 1991-2007, kemur í ljós að yfirgnæfandi meirihluti mæðra fara með forsjána (Hagstofa Íslands, e.d.). Töflurnar fyrir ofan sýna þó þá jákvæðu breytingu sem hefur orðið á hlutverki feðra.

Lokaorð og umræða

Þó nokkrar breytingar hafa orðið á hlutverki fjölskyldunnar hér á landi frá aldamótunum 1900. Flest öll félagsmótun sem áður fór fram innan fjölskyldunnar fer nú mikið fram á stofnunum, svo sem skólum og leikskólum. Giftingum hefur fækkað og skilnuðum hefur fjölgað. Sömuleiðis hafa orðið töluverðar breytingar á föðurhlutverkinu. Breytingar þær sem hafa orðið á hlutverki feðra eru gjarnan raktar til þess er konur fóru í auknum mæli út á vinnumarkaðinn. Feður eru orðnir virkari í meðgönguferlinu en ein af stærstu breytingunum er hve algengt er orðið að feður séu viðstaddir fæðingu. Þeir eru nú farnir að vera virkari í umönnun barna sinna og sömuleiðis í heimilisstörfum. Þó er hlutdeild feðra langt frá því að vera jöfn hlutdeild mæðra þar sem þær eru enn aðalumönnunaraðilar. Feður eru samt sem áður ekki síður hæfir uppalendur og mæður og geta veitt börnum sínum jafn mikla ást og umhyggju. Ljóst er að virk þátttaka feðra í uppeldi barna hefur góð áhrif á börnin þar sem meiri vitsmunaleg geta virðist vera hjá þeim börnum sem alast upp með virka feður. Jafnframt hefur virk þátttaka feðra góð áhrif á félagsþroska barna. Mörgum feðrum reynist hins vegar erfitt að samræma fjölskyldulífið og atvinnu. Íslenskir feður virðast taka minni þátt í uppeldi barna sinna þar sem þeir hafa minni tíma með börnum sínum sökum mikillar vinnu. Margir feður hafa samt sem áður lýst yfir áhuga á að auka þátttöku sína í uppeldi barna sinna.

Eftir að íslenskir feður öðluðust þriggja mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs urðu miklar breytingar á hlutdeild þeirra. Þeir fóru að taka meiri þátt í umönnun barna sinna, bæði frá upphafi fæðingu og líka eftir því sem börnin urðu eldri. Feður sem taka fæðingarorlof virðast taka meiri þátt í lífi barna sinna en þeir feður sem ekki taka fæðingarorlof. Hinn sjálfstæði réttur til fæðingarorlofs sem feður eiga kost á hefur því að einhverjum hluta þjónað tilgangi sínum. Enn er þó algengara að mæður nýti sameiginlega réttinn að mestu og því eru feður og mæður ekki að nýta fæðingarorlofið til jafns. Hámarksgreiðslur hafa lækkað töluvert frá árinu 2008 og eru uppi áhyggjur um að það muni hafa áhrif á nýtingu feðra þar sem 45,7% feðra eru innan hátekjumarka, sem gerir það að verkum að taka fæðingarorlofs þeirra hefur efnahagsleg áhrif á heimilið til hins verra.

Rannsóknir hafa sýnt litla þátttöku feðra í lífi barna sinna eftir skilnað og hún minnkar oft eftir því sem lengra líður frá skilnaði. Í þeim tilvikum þar sem börn búa ekki hjá feðrum sínum virðist vera minni þátttaka þeirra í lífi barnanna. Hlutfall barna sem búa með öðru foreldri er hærra hér á landi en á hinum Vesturlöndunum. Hlutfall barna sem búa með feðrum sínum hefur þó aukist en samt sem áður er algengast að þau búi hjá mæðrum sínum. Sameiginleg forsjá er nú orðið algengasta forsjárfyrirkomulagið hér á landi. Eftir að sameiginleg forsjá var innleidd í íslenska löggjöf hafa möguleikar feðra aukist gagnvart því að taka virkan þátt í lífi barna sinna. Feður fengu formlega viðurkenningu á hlutdeild sinni með sameiginlegri forsjá.

Markmiðið með þessari ritgerð var að skoða hvaða þekking væri fyrirbyggjandi um hlutdeild íslenskra feðra í uppeldi barna sinna og hvað stjórnvöld hafa gert til að ýta undir hlutdeild þeirra. Skoðað hefur verið hver hlutdeild feðra í uppeldi barna er og gerð hefur verið grein fyrir helstu rannsóknum á þessu sviði. Það er ljóst að ekki liggja fyrir miklar upplýsingar um hver sé hlutdeild íslenskra feðra í uppeldi barna sinna. Rannsóknir sýna að feður eru virkari þátttakendur í uppeldi barna sinna en áður var en minna er til um með hvaða hætti þeir gera það. Ljóst er að stjórnvöld hafa ýtt undir aukna hlutdeild feðra í uppeldi barna, til að mynda með tilkomu hins þriggja mánaða sjálfstæða réttar til fæðingarorlofs, sem feður öðluðust með lögum árið 2000. Í framhaldi af þeirri ákvörðun hefur verið rannsakað hvernig feður nýta sér þann rétt og hvaða áhrif það hefur á þátttöku þeirra í umönnun barna sinna. Að sama skapi hefur lítið verið rannsakað nýlega hver sé hlutdeild feðra í uppeldi barna sinna hér á landi.

Hraðar þjóðfélags- og efnahagslegar breytingar síðustu áratuga á Íslandi hafa haft margvísleg áhrif á einkenni og hlutverk fjölskyldunnar í samfélaginu. Miklu máli skiptir að stjórnvöld styðji við foreldra og þannig efla farsæld og framtíð okkar sem þjóðar. Fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins og að henni ber að hlúa. Mikilvægt skref var tekið með lagasetningunni árið 2000 sem tryggir feðrum þriggja mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Fram hefur komið að sífellt fleiri feður nýta sér þann rétt og því áhugavert, nú rúmum áratug síðar, að skoða enn betur hvernig feður nýta sér þann rétt, hvaða áhrif það hefur haft á þá og ekki síður að taka sjónarhorn barna með. Margt hefur ekki verið skoðað í þessari

ritgerð sem væri áhugavert að skoða. Áhugavert væri að skoða hlutdeild feðra í uppeldi barna sinna út frá sjónarhorni barna. Sömu leiðis væri áhugavert að fá innsýn feðra með því að gera eigindlega rannsókn og taka viðtöl við feður.

Heimildaskrá

- Auður Arna Arnardóttir. (2008). Fæðingarorlof frá sjónarhóli feðra og mæðra. “ Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum IX*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Árni Fannar Sigurðsson og Ólöf Eiríksdóttir. (2005). *Samspil vinnu og einkalífs*. Sótt 24. mars 2011 af <http://hgj.rvk.is/Frodleikur/Ritgerdir/nr/312>.
- Baldur Kristjánsson. (2006). *Börn og barnafjölskyldur í skugga nútímavæðingar*. Sótt 4. mars 2011 af www.visindavefur.hi.is/article.php?id=20.
- Barclay, L., og Lupton, D. (1999). The experiences of new fatherhood: A socio-cultural analysis. *Journal of Advanced Nursing*, 29(4), 1013-1020.
- Barnalög nr. 76/2003*.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna nr.18/1992*.
- Berk, L. E. (2009). *Child development*. Boston: Pearson higher education.
- Bragi Guðbrandsson. (1994). Opinber fjölskyldustefna, ný sýn. Í Ingibjörg Broddadóttir (ritstjóri). *Fjölskyldan uppspretta lífsgilda* (bls. 29-43). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Bryndís Jónsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2008). Icelandic parent's perception of parental leave. Í Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (ritstjórar) *Equal Rights to Earn and Care* (bls. 65-85). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Cabrera, N. J., Tamis-LeMonda, C. S., Bradley, R. H., Hofferth, S., og Lamb, M. E. (2000). Fatherhood in the twenty-first century. *Child Development*, 71(1), 127-136.
- Chandler S, Field PA. (1997). Becoming a father: First time fathers' experience of labor and delivery. *Nurse Midwifery*, 42(1), 17-24.
- Coley, R.L. & Chase-Lansdale, P.L. (1999) Stability and change in paternal involvement among urban African American fathers. *Journal of Family Psychology*, 13, 1–20.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2006). *Forsjá*. Sótt 9. mars 2011 af http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/DKM_forsja.pdf.
- Eygló Árnadóttir og Eva Bjarnadóttir. (2011). *Konur í kreppu? Samantekt á opinberum tölulegum gögnum á áhrifum efnahagshrunsins á velferð kvenna*. Velferðarráðuneyti. Sótt 27. mars 2011 af

http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/Konur_i_kreppu_22032011.pdf.

- Fagan, J., Barnett, M., Bernd, E. & Whiteman, V. (2007) Prenatal involvement of adolescent non-resident fathers. *Fathering: A Journal of Theory, Research, and Practice about Men as Fathers*, 1, 283-301.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2007). *Aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna*. Sótt 1. mars 2011 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3344>.
- Finnbogadóttir, H., Crang Svalenius, E. Og Persson, E. K. (2003). Expectant first-time-fathers' experiences of pregnancy. *Midwifery*, 19(2), 96-105.
- Flacking, R., Dykes, F., og Edwald, U. (2010). The influence of fathers socioeconomic status and paternity leave on breastfeeding duration: A population based cohort study. *Scandinavian Journal of Public Health*, 38, 337-343.
- Fríða Rós Valdimarsdóttir (2005). *Þróun löggjafar um fæðingarorlof á Norðurlöndum og reynsla þjóðanna*. Akureyri: Jafnréttisstofa Borgum.
- Furstenberg, F.F., Jr. & Harris, K.J. (1993) When and why fathers matter: impacts of father involvement on the children of adolescent mothers. Í Lerman og Ooms, T.J. (ritstjórar), *Young unwed Fathers: Changing Roles and Emerging Policies*, 117–138. Philadelphia: Temple University Press.
- Genesoni, L. og Tallandini, M.A. (2009). Men's Psychological Transition to Fatherhood: An Analysis of the Literature, 1989-2008. *Birth*, 36(4), 305-317
Sótt 21. mars 2011 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1523-536X.2009.00358.x/pdf>.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1993). Fólksfjölda- og byggðarþróun 1880-1990. Í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstjórar), *Íslensk þjóðfélagsþróun*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Björk Eydal (2006). Feður og fjölskyldustefna. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII Félagsvísindadeild*. (bls. 201-210). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Björk Eydal (2007): Fæðingarorlof: Löggjöf og lífsstíll. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VIII*. (bls. 241-250). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Björk Eydal og Hrefna Friðriksdóttir. (2010). Framfærsluskyldur foreldra: Meðlagskerfi Norðurlanda. Í Halldór S. Guðmundsson (ritstjóri), *Rannsóknir*

í félagsvísindum XI. (bls. 29-40). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2008). Paid parental leave in Iceland-history and context. Í Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (ritstjórar), *Equal Rights to Earn and Care* (bls. 15-44). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal og Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir. (2008). *Hvernig haga einstæðir foreldrar fæðingarorlofi*. Rannsóknarstöð þjóðmála. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 16. apríl 2011 af <http://www.ts.hi.is/Hvernig%20haga%20%20einst%C3%A6%C3%B0ir%20foreldrar%20f%C3%A6%C3%B0ingarorlofi.pdf?bookId=100678>.

Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson. (2006). *Family policy in Iceland: An overview*. Sótt 4. apríl 2011 af <http://www.hi.is/~olafsson/familypolicyiniceland.doc>.

Guðný Björk Eydal og Tine Rostgaard. (2010). Umönnunargreiðslur - Ógn við jafnrétti eða aukið val? Í Halldór Sig. Guðmundsson, *Rannsóknir í félagsvísindum XI.* (bls. 18-28). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal. (2004a). Velferðarríkið og hin íslenska leið: framlag íslenskrar félagsfræði til velferðarrannsókna. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar), *Íslensk félagsfræði, landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. (bls. 226 – 246). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðný Björk Eydal. (2004b). Hvernig samhæfa íslenskar barnafjölskyldur atvinnuþátttöku og umönnun ungra barna? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V.* (bls. 325-334). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal. (2005). *Family policy in Iceland 1944-1984*. Göteborg: Sociologiska Institutionen.

Guðný Björk Eydal. (2008a). „Fæðingarorlof, feður og fjölskyldustaða“. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IX.* (bls. 203-211). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal. (2008b). Policies promoting care from both parents – the case of Iceland. Í Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (ritstjórar), *Equal Rights to Earn and Care* (bls. 111-148). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Hagstofa Íslands. (2009-a). Hjónavígslur 1971-2009. Sótt 15. apríl 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=628&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN06>

100%26ti=Hj%F3nav%EDgslur+1951%2D2009+++++++%26path=../Database/mannfjoldi/Giftingar/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/%20hlutfall.

Hagstofa Íslands. (2009-b). *Lögskilnaðir 1951-2009*. Sótt 15. apríl 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=628&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN06201%26ti=Lok+hj%FAskapar+og+skilna%F0ir+a%F0+bor%F0i+og+s%E6ng+1951%2D2009+++++++%26path=../Database/mannfjoldi/Skilnadir/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.

Hagstofa Íslands. (2010-a). *Sameiginleg forsjá úr lögskilnuðum 2009*. Sótt 9. mars 2011 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=628&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN06205%26ti=L%F6gskilna%F0ir+og+forsj%E1+barna+%FAR+hj%F3nabandi+1961%2D2009++++%26path=../Database/mannfjoldi/Skilnadir/%26lang=3%26units=Fjöldi>.

Hagstofa Íslands. (2010-b). *Giftingar og skilnaðir – sameiginleg forsjá úr sambúðarslitum 2009*. Sótt 9. mars 2011 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=628&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN06214%26ti=Forsj%E1+barna+%FAR+samb%FA%F0arslitum+1991%2D2009++++%26path=../Database/mannfjoldi/Skilnadir/%26lang=3%26units=Fjöldi>.

Hagstofa Íslands. (2010-c). *Lögskilnaðir alls árið 1995*. Sótt 24. mars 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=628&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN06201%26ti=Lok+hj%FAskapar+og+skilna%F0ir+a%F0+bor%F0i+og+s%E6ng+1951%2D2009+++++++%26path=../Database/mannfjoldi/Skilnadir/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.

Hagstofa Íslands. (2010-d). *Lögskilnaðir alls árið 2009*. Sótt 24. mars 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=628&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN06201%26ti=Lok+hj%FAskapar+og+skilna%F0ir+a%F0+bor%F0i+og+s%E6ng+1951%2D2009+++++++%26path=../Database/mannfjoldi/Skilnadir/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.

Hagstofa Íslands. (2011-a). *Vinumarkaður*. Sótt 15. apríl 2011 af <http://hagstofa.is/?PageID=637&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN01104%26ti=Vinumarkar%F0urinn+eftir+kyni%2C+aldri%2C+b%FAsetu+og+menntun+1991%2D2010%2C+hlutfallsleg+skipting++%26path=../Database/vinumarkadur/rannsoknir/%26lang=3%26units=Hlutfall>.

Hagstofa Íslands. (e.d.). *Giftingar og skilnaðir*. Sótt 20. mars 2011 af <http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir>.

Ingólfur V. Gíslason (2002). *Pabbi: Bók fyrir verðandi feður*. Reykjavík: Mál og menning.

- Ingólfur V. Gíslason (2005). Feður sem taka lengra fæðingarorlof. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI*. (bls. 293-304). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ingólfur V. Gíslason (2007). *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi: Þróun eftir lagasetninguna árið 2000*. Akureyri: Félagsmálaráðuneytið - Jafnréttisstofa.
- Ingólfur V. Gíslason. (1997). „*Karlar eru bara karlmenn. Viðhorf og væntingar íslenskra karla*. Reykjavík: Skrifstofa jafnréttismála.
- Ingólfur V. Gíslason. (2000). Feður og börn. Sótt 15. febrúar 2011 af http://www.doktor.is/index.php?option=com_d-greinar&do=view_grein&Itemid=40&id_grein=691.
- Ingólfur V. Gíslason. (2008a). Feðurnir og nútímavæðingin. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX*. (bls. 247-256). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ingólfur V. Gíslason. (2008b). „You are regarded as weird if you don't use the paternity leave“. Í Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (ritstjórar), *Equal Rights to Earn and Care* (bls. 87-109). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Lamb, M.E. (1981). *The role of the father in child development*. (2. útg.) New York: Wiley.
- Lamb, M.E. og Lewis, C. (2010). *The role of the father in child development*. New York.
- Lamb, M.E., og Tamis-LeMonda, C. S. (e.d.). *The role of the father*. Sótt 8. mars 2011 af http://media.wiley.com/product_data/excerpt/14/04712316/0471231614.pdf.
- Leichtentritt og Rettig. (2001). Understanding noncustodial fathers' relationships with their children from resource theory perspectives. *Journal of Divorce & Remarriage*, 35, 1-22.
- Lerman, R.I. & Ooms, T.J. (ritstjórar). (1993) *Young Unwed Fathers: Changing Roles and Emerging Policies*. Temple University Press, Philadelphia, PA.
- Lög um Almannatryggingar* nr. 97/1980.
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof* nr. 95/2000.
- Lög um Lögheimili* nr. 21/1990.

- McBride, B.A., Dyer, W.J. og Rane, T.R. (2008). Family partnerships in early childhood programs. Don't forget fathers/men. Í Cornish, M.M. (ritstj.) *Promising practice for partnering with families in the early year*. (41-58). Charlotte: Information age publishing, Inc.
- Mörður Árnason. (2007). *Íslensk orðabók, grundvallarit um íslenska tungu*. Reykjavík: Edda hf.
- Newman, D. M. og Grauerholz, L. (2002). *Sociology of Families*. Thousand Oaks: Pine Forge Press.
- Nord, C.W. & Zill, N. (1996) *Non-Custodial Parents Participation in Their Childrens' Lives: evidence From the Survey of Income and Program Participation*, 2. útg., U.S. Department of Health and Human Services.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2008). Fertility trends in Iceland in Nordic comparative perspective. Í Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason (ritstjórar), *Equal Rights to Earn and Care* (bls. 45-63). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Parke, R. D. (1981). *Fathers*. Harvard University Press, Cambridge, MA.
- Pleck, J.H. (1997) Paternal involvement: levels, sources, and consequences. Í Lamb, M.E *The Role of the Father in Child Development*, (3 útg.) 66–103. New York: Wiley.
- Rane, T.R. og McBride, B.A. (2000). Identity theory as a guide to understanding fathers' involvement with their children. *Journal of family issues*, 21(3), 347-366.
- Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. (2010). *Umönnun ungra barna í Reykjavík. Hluti II: Rannsókn RBF fyrir leikskólasvið Reykjavíkurborgar 2009-2010*. Sótt 15. apríl 2011 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntasvid/skjol/Umoennun_ungra_barna___Reykjav_k_2010.pdf.
- Sigrún Júlíusdóttir (2007). *Faðir, móðir, barn. Lífið eftir barnsburð* [Bæklingur]. Reykjavík: Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar - Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson. (1995). *Barna fjölskyldur: Samfélag, lífsgildi, mótun. Rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi*. Reykjavík, Félagsmálaráðuneytið.

- Sigrún Júlíusdóttir. (1997). Staða foreldra og réttur barna: Um fjölskyldugerðir, foreldrahlutverk og kynjamismun. Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstjórar), *Íslenskar kvennarannsóknir*. (bls. 205 – 213). Reykjavík: Háskóli Íslands. Rannsóknastofa í kvennafræðum.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2002). *Foreldrahlutverk – réttur barna til sinnu og samveru*. Ráðstefna Stöndum vörð um æskuna. Réttur barna til verndar. Borgartún 7, 30. apríl 2002. Sótt 9. mars 2011 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/sigrun-julisdottir.PDF>.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2002). *Er munur á körlum og konum sem uppalendum?* Vísindavefurinn. Sótt 10. mars 2011 af www.visindavefur.hi.is/?id=2463.
- Stefán Ólafsson. (1994). Þjóðfélagslegar forsendur framfara. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum*. (bls. 175-186). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin*. Reykjavík. Tryggingastofnun ríkisins, Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson. (2004). Kísildalur – leiðarljós Íslands inn í þekkingarhagkerfið? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V*. (bls. 243-259). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem enginn man: áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna*. Reykjavík: Mál og menning.
- Velferðarráðuneytið. (2001). *Gerð fjölskyldustefnu sveitarfélaga*. Sótt 16. Apríl 2011 af <http://www.velferðarraduneyti.is/malaflokkar/fjolskyldurad/frettir/nr/417>.
- Vinnumálastofnun (2010). *Samantekt yfir tölulegar upplýsingar Fæðingarorlofssjóðs 2001-2009*. Reykjavík : Vinnumálastofnun. Sótt 22. mars 2011 af http://www.faedingarorlof.is/files/Sk%FDrs%20-%20T%F6lulegar%20uppl%FDsingar%20F%06%F0ingarorlofs_sj%F3%F0s%20fr%E1%202001-2009_587989908.pdf.
- WHO. (2007). *Fatherhood and health outcomes in Europe*. Sótt 2. apríl 2011 af http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0017/69011/E91129.pdf.
- Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2004): „„Þetta liggur einhvern vegin betur fyrir henni.“ Feður, börn og fæðingarorlof á Íslandi og

í Noregi.“ Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V.* (bls. 287-302). Reykjavík. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan.

Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson. (2010). *Verkaskipting kynjanna fyrir og eftir bankahrun. Karlar verja meiri tíma í heimilisstörf en þeir gerðu árið 2005.* Þjóðmálastofnun. Háskóli Íslands. Fréttabréf nr. 10.